

Holtavörðuheiðarlína 1. Valkostagreining – Umsagnir og viðbrögð Landsnets við þeim.

Apríl 2022.

Holtavörðuheildarlína 1 – Valkostagreining – Umsagnir og viðbrögð Landsnets við þeim. Apríl 2022.

Landsnet kynnti skýrslu um valkostagreiningu fyrir Holtavörðuheildarlínu 1 í desember 2021 (Landsnet. 2021. Valkostagreining. Holtavörðuheildarlína 1. Landsnet 21022). Skýrslan var kynnt á vef Landsnets og á fjarfundum með landeigendum og verkefnaráði. Gefinn var 5 vikna frestur til að skila inn athugasemdum. Í töflu hér að neðan eru allar athugasemdir sem bárust við skýrsluna og viðbrögð Landsnets við þeim. Athugasemdir eftirtalinnna aðila og svör við þeim eru birtar í heild sinni í eftirfarandi röð í töflunni:

1. Jón Þór Guðmundsson, Galtarholti, dags. 16.01.2022.
2. Eyjólfur Jónsson og Bjarni Jónsson f.h. eigenda Hlíðar og Vestra Miðfells, dags. 4.01.2022.
3. Jón Friðrik Jónsson, Vindheimum, dags. 5.01.2022.
4. Gunnar Jónsson og Erla Hjartardóttir, Króki, dags. 17.01.2022.
5. Regína Sigurðardóttir, forsætisráðuneyti, dags. 7.1.2022.
6. Ragnhildur Helga Jónsdóttir, formaður Veiðifélags Andakílsár, 17.01.2022.
7. Jón Eiríkur Einarsson, formaður Skipulags- og bygginganefndar Skorradalshrepps, dags. 21.01.2022.
8. Drífa Gústafsdóttir, Skipulagsfulltrúi Borgarbyggð, dags. 17.01.2022.
9. Hallgrímur S. Sveinsson, Vatnshömrur, dags. 17.01.2022.
10. Bergur Barðarson f.h. eigenda Kaðalstaða, dags. 21.1.2022.
11. Þórarinn Blöndal, Þorvarður Blöndal og Þórmundur Blöndal, landeigendur Laugarholts, dags. 17.01.2022.
12. Ragnhildur Helga Jónsdóttir, Ausu, dags. 17.01.2022.
13. Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti, dags. 17.01.2022.
14. Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. landeigenda Langholts og Laugarholts, dags. 17.01.2022.
15. Jökull Helgason f.h. skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar, dags. 26.01.2022.
16. Þórður Guðnason f.h. Íslandsgáma eigenda Steinsholts, dags. 31.01.2022.
17. Ingibjörg Bergþórsdóttir, dags. 16.01.2022.
18. Georg Magnússon, Norðtungu 3, dags. 1.2.2022.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
1	Jón Þór Guðmundsson, Galtarholti	Síðan var það að ég fékk boð frá Landsneti um fund, sem halda ætti á Facebook þ. 25. mars 2021 og síðan fundarboð á fund í hótél Glym þ. 3. júní 2021. Á þann fund mætti ég ásamt syni mínum Sigurði. Á þeim fundi tel ég að ég hafi komið því skýrt á framfæri að við landeigendur Galtarholts værum andvígir lagningu háspennulínu, þ.e. loftlínu, um land jarðarinnar en hins vegar væri grundvöllur fyrir viðræðum fyrir lagningu jarðstrengs. Þrátt fyrir það virðist sem svo að lagning loftlínu í okkar landi sé annar af tveimur valkostum Landsnets um línuleið frá Hlíð að Klafastöðum. Á þessum sama fundi kom fram hjá fulltrúa Landsnets að hægt væri að fara með nýja línu við hlið þeirrar eldri að öllu leiti og jafnvel hengja eldri línu á nýju möstrin til þess að fækka staurastæðum. Ég tók þetta sem tillögu Landsnets, sem mér gæti hugnast en ekki eins og skilja má í valkostagreiningu bls. 7 að það væri mín tillaga að samnýta möstur og leggja meðfram Galtarholti á nýrri línuleið. Þessari hugmynd er alfarið hafnað af landeigendum.	Tillaga um þessa línuleið koma fram á samráðsfundi en ekki kemur fram hver leggur hana fram. Sjá má tillöguna í vefsjá verkefnisins, sem birt var opinberlega á tímabilinu 21. júní til 9. ágúst 2021. Tillagan birtist ekki í viðauka við valkostaskýrslu og er beðist velvirðingar á því. Rétt er að lagt verður mat á valkost sem nefndur er A1 Bjarnarholtsleið og hann borinn saman við valkost meðfram núverandi línuleið sem fer frá tengivirki Klafastaða um Brennimel. Þakkað er fyrir ábendingu um að umfjöllun um tvírásamöstur á ekki við í þessum valkosti. Útfærslur sem felast í samnýtingu mastra munu væntanlega einskorðast við valkosti um línuleið meðfram núverandi Vatnshamralínu 1. Landsnet þakkar ábendinguna og biðst velvirðingar á þessari framsetningu í valkostaskýrslunni.
2	Jón Þór Guðmundsson, Galtarholti	Það kom hins vegar skýrt fram hjá fulltrúa Landsnets, Magna Þór Pálssyni, í samtali við Sigurð þegar Sigurður benti á svæðið þar sem gert er ráð fyrir Bjarnarholtsleið á korti, að eldri línuleið að Brennimel og frá Brennimel að Klafastöðum hefði reynst vel og ekkert væri því til fyrirstöðu að fara þá leið með nýja línu. Af þeim sökum taldi Magni ólíklegt að sú leið sem nú er kölluð Bjarnarholtsleið yrði valkostur. Það kemur því verulega á óvart að nú skuli vera hugmyndir í valkostagreiningu um þá tilteknu leið. Á þeim fundi tel ég að ég hafi komið því skýrt á framfæri að við landeigendur Galtarholts værum andvígir lagningu háspennulínu, þ.e. loftlínu, um land jarðarinnar en hins vegar væri grundvöllur fyrir viðræðum fyrir lagningu jarðstrengs.	Í umhverfismati er mikilvægt að bera saman valkosti, því ljóst er að lega línu getur haft mismunandi áhrif á ýmsa þætti í umhverfi hennar auk þess að valkostir geta verið ólíkir m.t.t. öryggis og hagkvæmni. Í fyrirhuguðu umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á mismunandi valkosti um línuleið og þeir bornir saman, m.a. A1 Bjarnarholtsleið og valkostur meðfram núverandi línuleið frá tengivirki Klafastaða um Brennimel. Niðurstaða matsins verður ein forsenda fyrir ákvörðun um aðalvalkost Landsnets sem kynntur verður í umhverfismatsskýrslu, þegar búið verður að vinna rannsóknir og meta alla valkosti. Umhverfismatsskýrslan fer í opið kynningarferli.
3	Jón Þór Guðmundsson, Galtarholti	Fram kemur í valkostagreiningu að stækkun hólmans í Hólmavatni undir staurastæðu sé annmörkum háð. Ekki er auðvelt að sjá hvað það væri helst sem hamlaði því að stækka hólmann undir staurastæðu. Vatnið er örgrunnt, innan við 1 meter, og vegur í eigu Landsnets liggur út í hólmann frá línuvegi sem er einnig í eigu Landsnets. Það myndi kosta mun minni uppfyllingu en nýr línuvegur meðfram nýrri línuleið, u.þ.b. 2,2 kílómetra að lengd, auk þess sem það gengi gegn stefnu stjórnvalda að byggja ekki nýja línuvegi þegar hægt væri að nota eldri línuvegi. Þar að auki er hluti flóans í Galtarholti mjög blautur og þyrfti verulegt magn af malarefni til þess að vegur héldi einhverjum vélum. Þarna er t.d. svæði sem nefnt er Síki. Það er illa fært fótgangandi oft á tíðum og gæti tæplega talist gott fyrir vegagerð og hvað þá að láta standa þar staura undir háspennulínu. Auk þessa teljum við að það sé eðlilegt að ný lína fylgi eldri línunum frá Brennimel að Klafastöðum enda er þar að stórum hluta land, sem er innan þynningarsvæðis álvers Norðuráls og það land er óheimilt að nota til landbúnaðar. Teljum við það mun betri kost en fara að leggja línuna um landbúnaðarland í notkun utan þynningarsvæðis.	Í valkostaskýrslu er settur fram tveir valkostir á þessu svæði; A1 Bjarnarholtsleið og að línán fara meðfram núverandi línu frá Klafastöðum um Brennimel. Uhverfisáhrif þessara tveggja valkosta verða metin og borin saman., m.a. áhrif á landbúnaðarland og votlendi. Þar verður jafnframt horft til möguleika á að samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Niðurstaða úr þeim samanburði mun liggja fyrir þegar umhverfismatsskýrsla verður kynnt.
4	Jón Þór Guðmundsson, Galtarholti	Margt virðist nokkuð óljóst í framlagðri valkostagreiningu hvað varðar hugmyndir um línuleið í landi Galtarholts og næsta nágrennis. Á bls. 7 í valkostagreiningu er hugmynd um valkost varðandi Galtarholt „Ný lína fari í jörð frá Katanesi og norður fyrir Hvalfjarðarveg“ Ég geri ráð fyrir að þetta sé til komið vegna þess sem ég benti á að línán yrði jarðstrengur ef henni væri ætlað að liggja um land Galtarholts að Klafastöðum. Hvernig Katanes kemur þessu málefni við er erfitt að átta sig á en ég læt öðrum eftir að ráða fram úr því. Niðurstaðan er sú að þetta er ekki lagt fram sem valkostur. Landeigendur benda hins vegar á að lagning loftlínu um land jarðarinnar er ekki valkostur af þeirra hálfu.	Fyrir mistök var hugmynd að línuleið kennd við Katanes en ætti með réttu að vera Klafastaðir. Þetta verður leiðrétt.
5	Jón Þór Guðmundsson, Galtarholti	Á bls. 7 er lýsing á hugmynd „Sameina nýja línu og núverandi línu á möstur meðfram Galtarholti og norður fyrir Hvalfjarðarveg“. Ekki er hægt að átta sig á hvað við er átt í þessu samhengi.	Eins og kemur í svari hér að framan stendur ekki til að leggja mat á möguleika til samnýtingar mastra eða strenglagna lágspenntari lína á Bjarnarholtsleið.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
6	Jón Þór Guðmundsson, Galtarholti	Á bls. 1 í valkostaskýrslu er talinn valkostur A1 Bjarnarholtsleið en þá vaknar spurning um hvort Bjarnarholtið er átt við því þau eru tvö þ. e. eystra Bjarnarholt og vestra Bjarnarholt.Vestra Bjarnarholt er að öllu leiti innan landamerkja Galtarholts en eystra Bjarnarholt að mestu, nema rétt austast ca. 50 m þar sem það er í landi Eystra Miðfells.	Miðað er við örnefnaskrá Landmælinga Íslands. Samkvæmt örnefnaskránni er Bjarnarholt staðsett miðja vegu milli Eiðisvatns og Hólmavatns.
7	Jón Þór Guðmundsson, Galtarholti	Verði umr. háspennulína lögð langs eftir jörðinni yrði helgunarsvæði hennar samtals um 15 ha. lands. Á það getum við eigendur jarðarinnar ekki fallist með nokkru móti.	Í gildi eru íslensk lög um öryggi raforkuvirkja og hefur Neytendastofa opinbert eftirlit með því að þeim sé framfylgt. Samkvæmt reglugerð nr. 586/2004 skal skilgreina lágmarksfjarlægðir háspennulína til annarra mannvirkja. Reglugerðin vísar til íslenskra staðla sem segja til um svokallað helgunarsvæði meðfram háspennulínum. Hönnunarforsendur loftlínu ákvarða stærð helgunarsvæðis hennar. Þeir þættir sem áhrif hafa á breidd helgunarsvæðis lúta að rúmfræðilegum og hönnunartengdum stærðum mannvirkisins ásamt veðurfarslegum álagsforsendum. Við mat á áhrifum valkosta á landbúnað, verður m.a. tekið mið af því helgunarsvæði línanna og hvort og hvernig þær takmarka landnotkun m.t.t. landbúnaðarlands. Á heimasíðu Landsnets er greinargerð sem fjallar um helgunarsvæði. Þar eru uppgefin gildi á sviði fyrir helgunarsvæði lína á 66, 132, 220 og 400 kV spennu og tilgreindar takmarkanir á landnotkun innan helgunarsvæða. Ljóst er að innan helgunarsvæða er byggingabann, en ýmis önnur landnotkun heimil, t.d. ræktun túna. Þegar ákvörðun um aðalvalkost liggur fyrir og síðar ráðist í viðræður um bætur til landeigenda á línuleið aðalvakostar, er ráðist í nánari greiningu á helgunarsvæði innan landareigna og bætur m.a. ákvarðaðar á grundvelli þess.
8	Jón Þór Guðmundsson, Galtarholti	Eðlilegast teldum við að fylgt væri eldri línu þar sem hún er og hún sameinuð nýrri til þess að minnka umhverfisáhrif og sjónræn áhrif. Það liggur fyrir að línuvegur er nú þegar fyrir hendi á þessari leið og ætti því þessi útfærsla að falla að stefnu stjórnvalda hvað það varðar. Fram kom á áðurnefndum fundi í Hótel Glym hjá fulltrúa Landnets Magna Þór Pálssyni að þessi línuleið hefði reynst vel bæði með tilliti til reksturs og viðhalds	Í umhverfismati er mikilvægt að bera saman valkosti, því ljóst er að lega línu getur haft mismunandi áhrif á ýmsa þætti í umhverfi hennar auk þess að valkostir geta verið ólíkir m.t.t. öryggis og hagkvæmni. Í fyrirhuguðu umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á mismunandi valkosti um línuleið og þeir bornir saman, m.a. A1 Bjarnarholtsleið og valkostur meðfram núverandi línuleið frá tengivirki Klafastaða um Brennimel. Niðurstaða matsins verður ein forsenda fyrir ákvörðun um aðalvalkost Landsnets sem kynntur verður í umhverfismatsskýrslu, þegar búið verður að vinna rannsóknir og meta alla valkosti. Umhverfismatsskýrslan fer í opið kynningarferli.
9	Jón Þór Guðmundsson, Galtarholti	Svokölluð Bjarnarholtsleið gengur þannig að mati landeigenda gegn yfirlýstri stefnu stjórnvalda um lagningu raflína frá 2015, bæði hvað varðar lagningu nýrra línuvega og að nýta ekki núverandi línustæði eða línuleiðir. Að sama skapi gengur hún gegn stefnu sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar um nýjar háspennulínur. Að lokum gengur A1 Bjarnarholtsleið algjörlega gegn vilja landeigenda Galtarholts af þeim ástæðum sem koma fram í bréfi þessu og er þessum valkosti því algjörlega hafnað af okkar hálfu.	Frá því að Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 tók gildi hefur Alþingi sett stefnu um uppbyggingu flutningskerfis raforku og einnig hefur verið sett fram landsskipulagsstefna. Við endurskoðun aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar ber að taka mið af landsskipulagsstefnu. Rétt er að A1 Bjarnarholtsleið er ekki samkvæmt stefnu um að nýta núverandi línustæði ef aðstæður leyfa. Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á sjónræn áhrif valkosta og áhrif á landbúnað metin. Samanburður verður gerður á áhrifum valkosta og mögulegar mótvægisáðgerðir vegnar, svo sem að samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Í þessu tilfelli yrði gerður samanburður á umhverfisáhrifum A1 Bjarnarholtsleiðar og línuleiðar meðfram núverandi línu frá Klafastöðum um Brennimel.
10	Eyjólfur Jónsson og Bjarni Jónsson f.h. Eigenda Hlíðar og Vestra-Miðfells.	Við eigendur Hlíðar og Vestra-Miðfells í Hvalfjarðarsveit mótmælum hugmyndum 2,3 og 4 um lagnaleið línunnar og finnst þær ganga þvert á megin markmið línunnar, þ.e. að valda sem minnstum umhverfisáhrifum, hafa sem minnst áhrif á landnotkun og sjónræn áhrif.	Hér virðist vísað til hugmynda sem fram komu í samráðsferli (sjá töflu 2.2 í vakostaskýrslu). Landsnet tekur hluta þeirra áfram sem valkost en öðrum er hafnað, t.d. hugmynd 3. Markmið umhverfismats er að lágmarka umhverfisáhrif framkvæmdar. Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á sjónræn áhrif valkosta og áhrif þeirra á landbúnað og skógrækt. Gerður verður samanburður á áhrifunum valkosta og mögulegar mótvægisáðgerðir vegnar, svo sem að samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu.
11	Eyjólfur Jónsson og Bjarni Jónsson f.h. Eigenda Hlíðar og Vestra-Miðfells.	Augljóst er að áhrif línunnar munu skerða landnýtingu og ferðaþjónustu í landi Hlíðar og Vestra-Miðfells verulega ásamt því að sjónmengun pirrar veiðimenn við veiðar í Laxá í Leirársveit.	Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og ferðaþjónustu og útivist. Hugað verður sérstaklega að svæði þar sem Holtavörðuheiðarlína 1 mun þvera Laxá í Leirársveit, m.a. með því að skilgreina breiðara athugunarsvæði þar sem núverandi lína liggur yfir ána.
12	Eyjólfur Jónsson og Bjarni Jónsson f.h. Eigenda Hlíðar og Vestra-Miðfells.	Við teljum að hún valdi minni skaða á byggðum svæðum með því að halda áfram í stefnu hugmyndar nr. 1 upp á Miðfellsbólann og síðan áfram eins fjarri byggð og unnt er til að ofangreind markmið náist, án þess að hagsmunum þeirra sem búa, lifa og starfa á landsbyggðinni verði fórnað og það hafi ekki verið fullreynt að finna leiðir sem valdi minni skaða í byggð.	Hugmynd um að frá Miðfellsbólum fari línan eins fjarri byggð og unnt er virðist vera áþekk hugmyndum að línuleiðum nr. 15 og 16 á mynd 2.2. í valkostaskýrslu. Í töflu 2.3 í skýrslunni er rökstutt hvers vegna þær hugmyndir eru ekki lagðar fram sem valkostir. Holtavörðuheiðarlína 1 verður hluti af hringtengdu meginflutningskerfi landsins. Tryggja þarf sveigjanleika í þróun kerfisins, meðal annars með tilliti til afhendingar raforku til dreifiveitna (t.d. Rarik). Því er mikilvægt að meginflutningskerfi liggi um eða nærri tengipunktum við dreifikerfi raforku, sem sjá um að miðla orkunni áfram til notenda í byggð. Sé Holtavörðuheiðarlínu 1 færð fjær byggð er fyrirséð að leggja þyrfti raflínu frá henni og að tengipunkti dreifiveitna. Ólíklegt er að hægt verði að leggja slíkar línur í jörðu.
13	Jón Friðrik Jónsson, Vindheimum	Vegna fyrirhugaðrar lagningar á Holtavörðuheiðarlínu 1 (um Bæjarsveit). Sækist ég eftir upplýsingum um hvenær núverandi lína verður tekin niður, enda er væntanlega kominn tími á viðhald því hún er orðin hátt í 50 ára gömul. Núverandi samningur hlýtur að vera fallinn úr gildi sem upphaflega var þvingaður á með hótunum um eingarnám, 50 ár er ansi langur tími í mannsaldri. Línu þessari hefur verið mjög illa við haldið áratugum saman, möstur skökk og skástífur bognar. Hefur Landsnet ekki haft burði til að viðhalda henni svo sómi sé af.	Umrædd lína, Hrutatungulína 1 (HT1), var sett í rekstur árið 1976 og verður því 46 ára á þessu ári. Fyrirhugað er að ráðast í frekari greiningu á möguleikum til lagningu jarðstrengja á nærliggjandi kerfum Landsnets á leið Holtavörðuheiðarlínu 1, sem rekin eru með lægri spennu en nýja línan. Samhliða því verður ástand línanna greint. Umhverfismat mun jafnframt gefa niðurstöðu um viðkvæmstu svæðin m.t.t. sjónrænna samlegðaráhrifa Holtavörðuheiðarlínu 1 og núverandi raflínu. Þær niðurstöður ásamt upplýsingum um tæknilega möguleika á jarðstrengslögnum og ástand núverandi mannvirkja mun skapa forsendur til að greina hvort og þá hvar mögulegt verður að leggja nærliggjandi línur í jörðu eða samnýta megi háspennumöstur fyrir fleiri en eina línu. Fyrirséð er að þar sem mögulegt er að gera slíka breytingu verður það að gerast í áföngum. Landsnet væntir þess að í umhverfismatsskýrslu verði hægt að leggja fram tímasetta áfangaskiptingu.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
14	Jón Friðrik Jónsson, Vindheimum	Varðandi nýja línu er ég með öllu mótfallinn henni miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið. Byggðin er komin að línustæðinu og landið orðið útivistarsvæði. Engir almannahagsmunir eru í húfi eins og var með fyrri línu.	Markmið Kerfisáætlunar Landsnets, sem stjórnvöld hafa samþykkt, er m.a. að bæta afhendingaröryggi byggðalínunnar (sem liggur í hring um landið) með því að styrkja tengingar við afhendingarstaði á meginflutningskerfinu, sem jafnframt eru tengipunkturar við svæðisbundin flutningskerfi. Í því felast miklir almannahagsmunir. Framkvæmd við Holtavörðuheiðarlínu 1 er á Kerfisáætlun. Samkvæmt sviðsmyndagreiningu orkuspárnefndar, er flutningsgeta 132 kV byggðalínu ófullnægjandi til framtíðar. Nauðsynlegt er talið að ný kynslóð lína í meginflutningskerfinu sé afkastameiri og þá er 220 kV næsta spennustig sem notast yrði við hér á landi.
15	Jón Friðrik Jónsson, Vindheimum	Hefði Landsnet áhuga á að semja um línustæðið hefðu þeir átt að senda fólki til samningaviðræðna augnliti til augnlitis og ræða um línustæðin og umferðarleiðir. Fólki er mismunandi tölvufært og ekki vant að lesa skjöl og skýrslur á tölvutæku formi. Hefði verið lágmark að senda skýrslur og fundargerðir á prenti til landeiganda og fundir haldnir í nærumhverfi á skaplegum tíma.	Landsnet hefur á síðustu misserum lagt aukna áherslu á samráð við hagsmunaaðila og við samfélagið í heild sinni. Stofnuð hafa verið svæðisbundin verkefnaráð, samráðvettvangur fyrir stærri framkvæmdir, s.s. eins og Holtavörðuheiðarlínu 1. Verkefnaráðum er ætlað að tryggja virkara samtal, aukin skilning og betra upplýsingaflæði milli hagsmunaaðila í aðdraganda ákvarðana um framkvæmdina. Fulltrúar í verkefnaráðum koma m.a. frá sveitarfélögum, samtökum atvinnulífs, atvinnuþróunarfélögum, umhverfissamtökum, fræðasamfélaginu og stofnunum eftir því sem við á hverju sinni. Fulltrúar landeigenda eiga ekki fulltrúa í ráðunum en haldnir eru fundir fyrir landeigendur í takt við fundi með verkefnaráði þar sem farið er í gegnum sömu kynningar og efni og á fundum með verkefnaráði. Undirbúningur að lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 hófst formlega árið 2020 á fundum með sveitarstjórnnum á fyrirhugaðri línuleið. Í framhaldinu var stofnað verkefnaráð Holtavörðuheiðarlínu 1 og haft samband við landeigendur á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Haldnir hafa verið þrír fundir með verkefnaráði og fjórir fundir með landeigendum á línuleiðinni Hvalfjörður – Holtavörðuheiði frá vori 2021. Fundir með landeigendum voru auglýstir opinberlega, m.a. með auglýsingum í fjölmiðlum, á heimsíðum sveitarfélaga á línuleiðinni og á fésbókarsíðu Landsnets. Á þeim fundum sem haldnir hafa verið með landeigendum hefur verið safnað netföngum á lista, hringt hefur verið í fjölmarga landeigendur til að veita upplýsingar og fá netföng á umræddan lista. Þeim sem á listanum eru hafa verið sendar upplýsingar um fundi og annað sem í gangi er varðandi verkefnið. Bæði hefur verið um að ræða hefðbundna kynningarfundir þ.e. framsaga og umræður þar sem sérfræðingar sem og stjórnendur á vegum Landsnets hafa mætt sem og vinnustofur þar sem landeigendur hafa m.a. unnið að greiningu valkosta á línuleiðinni og koma með ábendingar varðandi verkefnið í heild sinni. Í kjölfarið var opið samráð í gegnum vefsíðu þar sem tekið var á móti athugasemdum við framkvæmdina og ábendingum varðandi línuleið. Umræddir fundir eru allir utan og auk lögbundinna ferla og eru liður í aukinni áherslu Landsnets á samráð við hagaðila og samfélagið í heild sinni, aukinni upplýsingagjöf og opinni og gagnsærri umræðu. Í desember 2021 var lögð fram valkostaskýrsla með tillögum um raunhæfa valkosti Holtavörðuheiðarlínu 1 en í skýrslunni er farið yfir þær hugmyndir og ábendingar sem komu fram í samráðsvinnu við landeigendur og hagsmunaaðila. Í matsáætlun Holtavörðuheiðarlínu 1 sem gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun kynni á næstu vikum, er m.a. greint frá hugmyndum sem fram hafa komið um valkosti framkvæmdarinnar og hvernig Landsnet hefur komist að niðurstöðu um valkosti sem fyrirtækið stefnir að því að leggja fram sem valkosti í vinnu umhverfismatsins. Á kynningartíma matsáætlunarinnar gefst almenningi sem og umsagnaraðilum tækifæri að koma með athugasemdir og umsagnir sem Landsnet bregst síðan við. Fundað verður áfram reglulega á meðan á verkefninu stendur með verkefnaráði Holtavörðulínu 1 og landeigendum og efnistöð á þeim fundum ráðast eftir því hvar verkefnið er stöðugt hverju sinni og eftir óskum hagaðila. Þegar tekin hefur verið ákvörðun að loknu umhverfismati um hvaða valkostur verður lagður fram að hálfu Landsnets í umhverfismatsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir muni viðræður við landeigendur á viðkomandi línuleið hefjast. Við tökum hugmyndum að leiðum til að bæta og auka við samráð og fá sem flesta að borðinu fagnandi og munum skoða hvernig við getum gert enn betur í þeim efnum, erum m.a. opin fyrir vettvangsferðum og heimsóknum til þeirra landeigenda sem þess óska. Hægt er að nálgast efni fundar á heimasíðu Landsnets undir sérstöku svæði um verkefnið, Hvalfjörður – Holtavörðuheiði. Þar eru birtar samantektir fundar, kynningar og annað ítarefni. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir og óskir varðandi aðgang að efni sem snúa að verkefninu s.s. eins og útprentun á skýrslum ofl á samráðsstjóra Elínu Sigríði Óladóttur, á elins@landsnet.is.
16	Jón Friðrik Jónsson, Vindheimum	Ég minni á að Landsnet er nú þegar með línustæði um hálendið sem er betri kostur að nýta en í byggð. Línumöstur í byggð er tímaskekkja.	Í þingsályktun nr. 26/148 kemur fram að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið. Umræður um stefnu stjórnvalda á Alþingi, sem finna má á vef þingsins, gefa til kynna að "hálendið", með greini, eigi við miðhálendi Íslands.* Miðhálendið hefur verið afmarkað í landsskipulagsstefnu. Þegar greindir eru raunhæfir valkostir sem verða teknir til mats á umhverfisáhrifum þarf að vega og meta ýmis atriði. Farið er ítarlega yfir þessa þætti í kaflanum „Forsendur valkostagreiningar“ í valkostaskýrslu. Í meginráttum byggir Landsnet ákvörðun sína um að leggja ekki fram til mats valkosti sem færu á löngum kafla innan hálendis á þeim forsendum sem til umfjöllunar eru í kaflanum. Að auki má benda á að ekki er fyrirséð að línuleið á hálendi leiði til minni sýnileika raflína í byggð. Holtavörðuheiðarlína 1 verður hluti af hringtengdu meginflutningskerfi landsins. Tryggja þarf sveigjanleika í þróun kerfisins, meðal annars með tilliti til afhendingar raforku til dreifiveitna (t.d. Rarik). Því er mikilvægt að meginflutningskerfi ligg+F24i um eða nærri tengipunktum við dreifikerfi raforku, sem sjá um að miðla orkunni áfram til notenda í byggð. Sé Holtavörðuheiðarlínu 1 færð fjær byggð er fyrirséð að leggja þyrfti raflínu frá henni og að tengipunkti dreifiveitna. Ólíklegt er að hægt verði að leggja slíkar línur í jörðu. Því er óvíst að sjónrænn ávinningur í byggð yrði umtalsverður af því að leggja Holtavörðuheiðarlínu 1 um miðhálendið. Að framansögðu uppfyllir línuleið ekki stefnu stjórnvalda eða markmið framkvæmdarinnar né heldur er fyrirséð að hún hafi umhverfislegan ávinning umfram aðra valkosti.
			* Vefur Alþingis sótt þann 10.3.2022 á https://www.althingi.is/altext/148/02/I08134305.sgml : sjá ræðu Kolbeins Óttarssonar Proppé kl. 14:29 og Ara Trausta

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
17	Gunnar Jónsson, Erla Hjartardóttir, Króki	Um vestari hluta Krókslands liggja tvær línur Byggðalínan (130 kv) og innansveitarlína. Þegar skógrækt hófst þar árið 1989, en frá árinu 2000 samkvæmt samningi við Vesturlandsskóga á 120 ha lands, var ekki plantað í 30 m breitt svæði beggja megin Byggðalínunnar. Því var þannig hagað samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun. Það er ljóst að kæmi önnur lína þ.e. Holtavörðulínan, til hliðar við Byggðalínuna í gegnum skógræktarlandið myndi sú framkvæmd valda umfangsmiklum skemmdum á því skóglendi,sem þarna er svo ekki sé nú talað um sjónmengunina. Það tel ég vera algjörlega óviðunandi. Ég fæ ekki séð að unnt sé að fara með Holtavörðulínu í gegnum þetta skóglendi á annan hátt en þann að leggja aðra línuna í jörð, þ.e. Byggðalínuna (130 kv), eða að samnýta möstur fyrir þær báðar. Æskilegt væri að fá frekari upplýsingar um slík möstur.	Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt. Matið verður byggt á rannsóknum Rannsóknamiðstöðvar landbúnaðarins. Í umhverfismatsskýrslu verður metið hvar á leið Holtavörðuheiðarlínu 1 sjónrænn ávinningur og annar ávinningur verður mestur af því að annað hvort samnýta möstur fyrir fleiri en eina línu eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Fjallað verður um hvar á línuleið þetta er mögulegt og lagt mat á umhverfisáhrif þessara kosta sem mótvægisáðgerð.
18	Gunnar Jónsson, Erla Hjartardóttir, Króki	Austan við þetta skógræktarsvæði eru rumlega 500 ha af landi jarðarinnar. Þar er fyrirhugað að halda gróðursetningunni áfram allt inn að merkjum við Hellisá. Byggðalínan liggur einnig um þetta land. Þarna eru staðhættir þannig að efri hluti landsins (syðri hluti) hentar síður til skógræktar og yrði því gróðursetning a.m.k fyrst fremur á neðri hluta landsins (nyrðri hluta),nær Norðuránni. Mér virðist að Byggðalínan þyrfti ekki að raska skógræktarframkvæmdum þarna meira en hún gerir í núverandi skóglendi en kæmi þarna önnur lína til hliðar myndi sú framkvæmd rýra skógræktarsvæðið verulega.	Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt. Í umhverfismatsskýrslu verður metið hvar á leið Holtavörðuheiðarlínu 1 ávinningur verður mestur af því t.d. að samnýta möstur. Fjallað verður um hvar á línuleið þetta er mögulegt og lagt mat á umhverfisáhrif þessara kosta sem mótvægisáðgerð.
19	Gunnar Jónsson, Erla Hjartardóttir, Króki	Og það er fleira,sem hafa þarf í huga þegar lagt er í framkvæmdir þarna. Nærri Norðuránni í Krókslandi á móts við bæinn í Sveinatungu eru mjög merkilegar fornminjar. Þar eru Blesastaðir,bær Þorbjarnar blesa,sbr. Landnámu. Ósnortnar tóftir sennilega frá miðri sextánda öld og búseta á sama stað frá landnámsöld. Byggðalínan liggur þar óþarflega nærri. Mér hefur stundum komið til hugar að hún væri betur komin norðan megin árinna. Þar er nokkurt landssvæði milli þjóðvegarins og Norðurárinna. Þar væri eftirlit og viðhald auðveldara, allt inn að Hellisá. Þarna væri línan hins vegar komin í land Sveinatungu.	Fornleifastofnun Íslands mun gera fornleifakönnun á áhrifasvæði Holtavörðuheiðarlínu 1. Rannsóknin mun leiða í ljós hvaða fornleifar eru innan áhrifasvæðis valkosta og hvert mikilvægi þeirra er. Unnið verður áhættumat fyrir minjarnar m.t.t. framkvæmdarinnar. Í Norðurárdal er landrými milli þjóðvegar 1 og Norðurár mjög lítið fyrir nýja línu, einkum við Sveinatungubæinn. Helgunarsvæði vegarins er 30 m og vegna þess yrði línan við bæinn komin fram á gilsbrún Nórðurár, sem getur verið ótraust sem undirstaða mastra. Bratt er neðan vegarins og þar eru greinileg merki um jarðskrið og búast má við snjóþyngslum þar. Þar sem línustæðið yrði næst vegi gæti snjóruðningur af vegi náð að mastrastæðum. Þá er ólíklegt að Vegagerðin geti leyft hliðarslóðir af þjóðvegi 1 og að hverju mastri, samkvæmt viðmiðum stofnunarinnar um umferðaröryggi. Því mun þjóðvegur 1 ekki nýtast sem aðkomuleið að möstrum og því ekki líklegt að hugmyndin að línuleið auðveldi eftirlit með línunni og viðhald hennar. Landsnet telur þessa hugmynd að valkosti mun lakari en ef farið er meðfram núverandi línuleið, sem reynslan sýni að hafi engin sérstök vandamál í för með sér varðandi framangreinda þætti.
20	Gunnar Jónsson, Erla Hjartardóttir, Króki	Væru báðar línurnar lagðar um land Króks virðist mér hið sama gilda um austari hluta þess og þann vestari að önnur þeirra þ.e. Byggðalínan væri lögð í jörð en annars væru þær á samnýttum möstrum,sé sá kostur nothæfur.	Í umhverfismatsskýrslu verður metið hvar á leið Holtavörðuheiðarlínu 1 sjónrænn ávinningur og annar ávinningur verður mestur af því að annað hvort samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Fjallað verður um hvar á línuleið þetta er mögulegt og lagt mat á umhverfisáhrif þessara kosta sem mótvægisáðgerð.
21	Regína Sigurðardóttir	Í viðauka1, forsendur valkostagreiningar segir „unnið er að heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélaganna Hvalfjarðarsveitar og Borgarbyggðar“. Hvað með sveitarfélögin Skorradalshrepp og Húnaþing vestra? Þarf að breyta aðalskipulagi þeirra vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Holtavörðuheiðarlínu 1?	Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022 er enn í gildi. Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026 hefur verið staðfest og unnið er að heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélaganna Hvalfjarðarsveitar og Borgarbyggðar. Engin þessara skipulagsáætlana eða þeirra sem nú eru í endurskoðun hafa stefnu um Holtavörðuheiðarlínu 1. Nýjar línuframkvæmdir og efnistökusvæði þeim tengdum þarfnast oftar en ekki breytinga á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
22	Ragnhildur Helga Jónsdóttir, form. Veiðifélags Andakílsár.	Fyrir hönd Veiðifélags Andakílsár vil ég koma með þá ábendingu að við endanlega ákvörðun um legu Holtavörðuheiðarlínu 1 yfir Andakílsá í Borgarfirði verði haft samráð bæði við landeigendur og Veiðifélag Andakílsár, þar sem um mikilvæga hagsmuni veiðifélagsins er að ræða, upp á legu línu yfir verðmæta laxveiðistaði.	Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verða metin áhrif framkvæmdarinnar á útivist og ferðamennsku. Landsnet hefur á síðustu misserum lagt aukna áherslu á samráð við hagsmunaaðila og við samfélagið í heild sinni. Stofnuð hafa verið svæðisbundin verkefnaráð, samráðvettvangur fyrir stærri framkvæmdir, s.s. eins og Holtavörðuheiðarlínu 1. Verkefnaráðum er ætlað að tryggja virkara samtal, aukin skilning og betra upplýsingaflæði milli hagsmunaaðila í aðdraganda ákvarðana um framkvæmdina. Fulltrúar í verkefnaráðum koma m.a. frá sveitarfélögum, samtökum atvinnulífs, atvinnuþróunarfélögum, umhverfissamtökum, fræðasamfélaginu og stofnunum eftir því sem við á hverju sinni. Fulltrúar landeigenda eiga ekki fulltrúa í ráðunum en haldnir eru fundir fyrir landeigendur í takt við fundi með verkefnaráði þar sem farið er í gegnum sömu kynningar og efni og á fundum með verkefnaráði. Undirbúningur að lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 hófst formlega árið 2020 á fundum með sveitarstjórnnum á fyrirhugaðri línuleið. Í framhaldinu var stofnað verkefnaráð Holtavörðuheiðarlínu 1 og haft samband við landeigendur á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Haldnir hafa verið þrír fundir með verkefnaráði og fjórir fundir með landeigendum á línuleiðinni Hvalfjörður – Holtavörðuheiði frá vori 2021. Fundir með landeigendum voru auglýstir opinberlega, m.a. með auglýsingum í fjölmiðlum, á heimsíðum sveitarfélaga á línuleiðinni og á fésbókarsíðu Landsnets. Á þeim fundum sem haldnir hafa verið með landeigendum hefur verið safnað netföngum á lista, hringt hefur verið í fjölmarga landeigendur til að veita upplýsingar og fá netföng á umræddan lista. Þeim sem á listanum eru hafa verið sendar upplýsingar um fundi og annað sem í gangi er varðandi verkefnið. Bæði hefur verið um að ræða hefðbundna kynningarfundi þ.e. framsaga og umræður þar sem sérfræðingar sem og stjórnendur á vegum Landsnets hafa mætt sem og vinnustofur þar sem landeigendur hafa m.a. unnið að greiningu valkosta á línuleiðinni og koma með ábendingar varðandi verkefnið í heild sinni. Í kjölfarið var opið samráð í gegnum vefsjá þar sem tekið var á móti athugasemdum við framkvæmdina og ábendingum varðandi línuleið. Umræddir fundir eru allir utan og auk lögbundinna ferla og eru liður í aukinni áherslu Landsnets á samráð við hagaðila og samfélagið í heild sinni, aukinni upplýsingagjöf og opinni og gagnsærri umræðu. Í desember 2021 var lögð fram valkostaskýrsla með tillögum um raunhæfa valkosti Holtavörðuheiðarlínu 1 en í skýrslunni er farið yfir þær hugmyndir og ábendingar sem komu fram í samráðsvinnu við landeigendur og hagsmunaaðila. Í matsáætlun Holtavörðuheiðarlínu 1 sem gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun kynni á næstu vikum, er m.a. greint frá hugmyndum sem fram hafa komið um valkosti framkvæmdarinnar og hvernig Landsnet hefur komist að niðurstöðu um valkosti sem fyrirtækið stefnir að því að leggja fram sem valkosti í vinnu umhverfismatsins. Á kynningartíma matsáætlunarinnar gefst almenningi sem og umsagnaraðilum tækifæri að koma með athugasemdir og umsagnir sem Landsnet bregst síðan við. Fundað verður áfram reglulega á meðan á verkefninu stendur með verkefnaráði Holtavörðulínu 1 og landeigendum og efnistök á þeim fundum ráðast eftir því hvar verkefnið er statt hverju sinni og eftir óskum hagaðila. Þegar tekin hefur verið ákvörðun að loknu umhverfismati um hvaða valkostur verður lagður fram að hálfu Landsnets í umhverfismatsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir munu viðræður við landeigendur á viðkomandi línuleið hefjast. Við tökum hugmyndum að leiðum til að bæta og auka við samráð og fá sem flesta að borðinu fagnandi og munum skoða hvernig við getum gert enn betur í þeim efnum, erum m.a. opin fyrir vettvangsferðum og heimsóknum til þeirra landeigenda sem þess óska. Hægt er að nálgast efni funda á heimasíðu Landsnets undir sérstöku svæði um verkefnið, Hvalfjörður – Holtavörðuheiði. Þar eru birtar samantektir funda, kynningar og annað ítarefni. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir og óskir varðandi aðgang að efni sem snúa að verkefninu s.s. eins og útprentun á skýrslum ofl á samráðsstjóra Elínu Sigríði Óladóttur, á elins@landsnet.is.
23	Ragnhildur Helga Jónsdóttir, form. Veiðifélags Andakílsár.	Jafnfram fer stjórn veiðifélagsins fram á að ekki verði unnið við framkvæmdir við ána á veiðitíma í ánni, þar sem það skaðar mjög upplifun veiðimanna og getur þar með haft áhrif á framtíðarverðmæti árinna.	Komi til framkvæmda í nálægð við ána verður þeim hagað þannig að þær verði utan skilgreinds veiðitíma og í samráði við Veiðifélag Andakílsár. Þar sem framkvæmdir verða innan 100 metra frá bakka straumvatna, þarf að leita heimildar hjá Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006.
24	Jón Eiríkur Einarsson, form. Skipulags- og bygginganefndar Skorradalshrepps.	Í kafla 3 er fjallað um valkosti til umhverfismats. Línunni er skipt upp í fjóra kafla, þ.e. A, B, C og D og kaflí A fer um Skorradalshrepp. Núverandi byggðalína liggur um 6 km leið innan marka sveitarfélagsins, hluta til um fjalllendi og að hluta um nytjað land á láglendi. Það íbúðarhús sem stendur næst byggðalínunni er íbúðarhús í landi Neðri Hrepps og er í 600 m fjarlægð frá línunni. Engin umfjöllun er í skýrslunni um legu mögulegrar línu um sveitarfélagið. Hreppurinn telur það ámælisvert og kallar eftir umfjöllun um möguleg áhrif línunnar innan þeirra jarða sem línan fer um. Í ljósi þess óskar Skorradalshreppur eftir að valkostagreiningarskýrslan verði lagfærð. Skipulagsnefnd áskilur sér síðan rétt að koma með ábendingar aftur þegar lagfærð skýrsla liggur fyrir.	Í valkostaskýrslu er gerð grein fyrir úrvinnslu hugmynda sem fram komu á samráðsvettvangi um línukosti og niðurstöðu greiningar á raunhæfum hugmyndum um valkosti línuleiða til umhverfismats. Á þessu stigi liggur nákvæm lega valkosta ekki fyrir, en verður útfærð í umhverfismatsskýrslu samkvæmt niðurstöðum frumhönnunar línuleiða. Meðan á vinnslu umhverfismatsskýrslu stendur verður samráð haft við verkefnaráð. Á þeim vettvangi verður m.a. frumhönnun línuleiða kynnt. Skorradalshreppur mun því geta komið með ábendingar áður en endanleg útfærsla valkosta verður kynnt í umhverfismatsskýrslu. Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
25	Jón Eiríkur Einarsson, form. Skipulags- og bygginganefndar Skorradalshrepps.	Í stefnu Aðalskipulags Skorradalshrepps 2010-2022 kemur fram að: „Semja skal við landeigendur um helgunarsvæði nýrra rafveitna en einnig skal stefnt að samningum um eldri línur.“ Þetta þýðir að ný Holtavörðuheiðarlína getur ekki komið inn á aðalskipulag fyrr en það er búi að semja við landeigendur um helgunarsvæði og eins lagnaleið. Þarna yrði helgunarsvæðið hnitsett og jafnvel gefið sér landnúmer, sem eigandi línunnar þyrfti að greiða af hugsanlega leigu og fasteignaskatt til sveitarfélagsins, þar sem hann yrði umráðandi landsins.	Í skipulagslögum, nr. 123/2010, er fjallað um gerð skipulagsáætlana. Um gerð aðalskipulags segir, m.a. í 3. mgr. 28. gr. laganna að við gerð aðalskipulags skuli byggt á markmiðum laganna, landsskipulagsstefnu, svæðisskipulagi, liggi það fyrir, og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins. Þá skuli jafnframt gætt að samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Í 9. gr. c í raforkulögum er fjallað um stöðu kerfisáætlunar gagnvart skipulagi sveitarfélaga. Þar er kveðið á um að sveitarstjórnnum beri við næstu endurskoðun aðalskipulags, og eigi síðar en innan fjögurra ára frá samþykkt kerfisáætlunar, að samræma skipulagsáætlanir vegna verkefna í staðfestri tíu ára kerfisáætlun. Sveitarstjórn er þó heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt kerfisáætlun í allt að átta ár enda séu fyrir því gildar ástæður og fyrir liggi jákvæð umsögn flutningsfyrirtækisins. Sveitarstjórnnum ber enn fremur að tryggja að skipulagsákvarðanir hindri ekki framgang þeirra verkefna sem eru í staðfestri þriggja ára framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Ákveða skal legu flutningslína í skipulagi að fenginni tillögu flutningsfyrirtækisins í samræmi við kerfisáætlun, að höfðu samráði þess og skipulagsyfirvalda. Um málsmeðferð samkvæmt greininni fer að öðru leyti samkvæmt skipulagslögum eftir því sem við á, að teknu tilliti til stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og um uppbyggingu flutningskerfis raforku og markmiða kerfisáætlunar. Landsnet bendir á að undirbúningur framkvæmda af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir fylgir lögbundnu ferli að stærstum hluta. Þannig eru ákvarðanir teknar stig af stigi. Í hinu lögbundna ferli er ákvörðun um stöðu framkvæmdar á aðalskipulagi, sem felur í sér áætlun, tekin fyrr en ákvarðanir sem snúa að því að ráðast í framkvæmdirnar, s.s. samningaviðræður við landeigendur, sbr. 21. gr. raforkulaga, eða beiðni um útgáfu framkvæmdaleyfis frá viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 13. og 14. gr. skipulagslaga. Í 1. mgr. 21. gr. raforkulaga er kveðið á um að ekki megi leggja raflínur eða reisa önnur mannvirki á grundvelli leyfa samkvæmt lögumum fyrr en náðst hefur samkomulag um endurgjald fyrir landnot. Framkvæmdir við nýjar línur geta ekki hafist fyrr en Landsnets hefur tryggt sér umráð yfir landsréttindum. Yfirráðin eru ótímabundin og endurgjaldið er einskiptis greiðsla sem greidd er fyrirfram. Helgunarsvæði háspennulína hafa ekki verið hnitsett og þær hafa ekki landnúmer. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 6/2001 eru rafveitur, þar á meðal línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum, undanþegnar fasteignamati en meta skal eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir spennistöðvar, og þær lóðir er þau standa á. Háspennulínur hafa þannig ekki verið metnar fasteignamati og fasteignaskattur því ekki lagður á þær enda engin álagningarstofn til staðar.
26	Jón Eiríkur Einarsson, form. Skipulags- og bygginganefndar Skorradalshrepps.	Í viðauka 1 er fjallað um forsendur valkostagreiningar m.a. kerfisáætlun, stefnu stjórnvalda og markmið raforkulaga. Í þessu samhengi vantar tilfinnanlega umfjöllun um þær breyttu forsendur á raforkumarkaði sem hafa orðið og gætu orðið. Sérstaklega vantar að gaumgæfa hvaða áhrif „orkupakkar“ ESB geti haft á viðskipti með raforku á afskriftatíma þeirra raflína sem hér um ræðir. Það þarf að ræða hvernig þeir sem leggja land undir staurastæður og land undir línur og á áhrifasvæði þeirra fái sanngjarnan hlut í þeim viðskiptahagnaði sem þá gæti skapast.	Þörf fyrir uppbyggingu flutningskerfið er metin út frá forsendum eins og raforkuspá og samningum við nýja notendur kerfisins auk stefna stjórnvalda s.s. orkustefnu, stefnu um uppbyggingu flutningskerfis raforku og aðgerðaáætlun í loftsslagsmálum. Ekki er horft sérstaklega til mögulegra breytinga á samevrópskri löggjöf og breytingum á viðskiptaumhverfi með raforku byggðum á þeim. Landsnet fylgir gildandi raforkulögum og hverjum þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfsemi fyrirtækisins á hverjum tíma. Flutningskerfi raforku telst til einna mikilvægustu innviða samfélagsins. Í 1. gr. raforkulaga er fjallað um markmið laganna, sem er m.a. að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku og tryggja fullnægjandi raforkuöryggi, hagsmuni neytenda og neytendavitund á raforkumarkaði. Í III. kafla laganna er svo nánar fjallað um skyldur flutningsfyrirtæksins, sem er Landsnet. Þannig skal eitt fyrirtæki skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Flutningsfyrirtækið skal vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Er það gert til að rjúfa eignatengsl milli Landsnets, sem hefur einkaleyfi á flutningi raforku og kerfisstjórnun, og orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna. Þannig er skilið á milli samkeppnisreksturs og grunnreksturs á orkumarkaði. Landsnet hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki og skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, sbr. 1. mgr. 9. gr. raforkulaga. Hvort sem um er að ræða þjóðvegi eða flutningskerfi raforku er um að ræða mikilvæga innviði og grunnrekstur og þeir sem leggja til afnot af landi í þágu þessara innviða fá landbætur í samræmi við það beina fjártjón sem viðkomandi kann að verða fyrir í samræmi við reglur og sjónarmið laga þar um.
27	Jón Eiríkur Einarsson, form. Skipulags- og bygginganefndar Skorradalshrepps.	Í stefnu Aðalskipulags Skorradalshrepps 2010-2022 er lögð fram sú stefna að: „Unnið verði að því að SU1 [Sultartangalína 1] verði aflögð, lögð samhliða SU3 [Sultartangalínu 3], eða lögð í jörð, ef kemur til endurnýjunar á línunni.“ Í stefnunni kemur einnig fram að: „Núverandi háspennulínur draga úr náttúruupplifun fólks og gildi svæðisins vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa.“ Sveitarfélagið minnr á þessa stefnu.	Frá því að Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022 tók gildi hefur Alþingi sett stefnu um uppbyggingu flutningskerfis raforku og einnig hefur verið sett fram landsskipulagsstefna. Endurskoðað aðalskipulag ber að byggja á stefnu sjórnvalda, eins og gert er í valkostaskýrslu vegna Holtavörðuheiðarlínu 1. Holtavörðuheiðarlína 1 er ekki háð framkvæmdum við Suðltartangalínurnar. Ekki er komið að ákvörðun um mögulega endurnýjun þeirra, en þegar að því komi byggji hún á þeim forsendum sem þá verða til staðar. Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 mun verða lagt mat á sjónræn áhrif og áhrif á útivist og ferðapjónustu.
28	Jón Eiríkur Einarsson, form. Skipulags- og bygginganefndar Skorradalshrepps.	Í kafla 2.2.2 er ófullnægjandi umfjöllun að mati sveitarfélagsins um línuleið 16, um Kjöl sem valkost. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að bæði Skarðsheiðin og Holtavörðuheiðin hljóta að teljast hálendi. Þessar þingsályktunartillögur ættu ekki, hvað varðar „hálendishugtakið“ að koma í veg fyrir að lagnaleið yfir Kjöl væri skoðuð.	Í þingsályktun nr. 26/148 kemur fram að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið. Umræður um stefnu stjórnvalda á Alþingi, sem finna má á vef þingsins, gefa til kynna að "hálendið", með greini, eigi við miðhálendi Íslands.* Miðhálendið hefur verið afmarkað í landsskipulagsstefnu. <i>* Vefur Alþingis sótt þann 10.3.2022 á https://www.althingi.is/altext/148/02/l08134305.sgml: sjá ræðu Kolbeins Óttarssonar Proppé kl. 14:29 og Ara Trausta Guðmundssonar kl. 16:04</i>
29	Drífa Gústafsdóttir, Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.	Mikilvægt er að gott samráð sé við alla landeigendur þar sem möguleiki er á að línan gangi yfir og einnig þá sem hugsanlega verða fyrir áhrifum s.s. vegna ásýndar og hljóðs.	Eins og fram kemur í kafla 3.6 í valkostaskýrslu verða fleiri valkostir skoðaðir en sem felast í staðsetningu línu. Á ákveðnum köflum línuleiðar verður einnig m.a. skoðað hvort mögulegt sé að setja núverandi lágspennntari línur í jörðu eða samnýta möstur. Áhersla verður lögð á gerð ásýndarmynda, þ.e. mynda þar sem ný mannvirki eru sett inn á ljósmyndir sem sýna núverandi ástand (benda má á dæmi um slíka framsetningu í vefsíð fyrir Blöndulínu 3). Þá er ljóst að þegar ákvörðun hefur verið tekin um endanlegan aðalvalkost og við tekur verkhönnun að samtal þarf að eiga sér stað á milli Landsnets og landeigenda, þar sem finna má endanlega staðsetningu mastra þannig að sjónræn áhrif verði lágmarkuð.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
30	Drífa Gústafsdóttir, Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.	Áhersla verði lögð á verndun góðs ræktanlegs lands og takmörkun á landnotkun sé lágmörkuð eins og mögulegt er.	Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað.
31	Drífa Gústafsdóttir, Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.	Hugað sé að gæðum byggðar, bæði í dreifbýli og í þéttbýli sem og í sumarhúsabyggðum í sveitarfélaginu.	Þar sem Holtavörðuheiðarlína 1 fer nærri byggð verður í umhverfismati lagt mat á hvar á línuleiðinni sjónrænn ávinningur og annar ávinningur verður mestur af því að annað hvort samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Við nánari hönnun valkostar þarf að skoða mögulegar útfærslur á þann veg að línan fari sem fjærst húsum.
32	Drífa Gústafsdóttir, Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.	Borgarbyggð telur að það sé brýnt að eldri lína verði lögð niður, sameinuð nýrri línu eða lögð í jörð eins og hægt er til þess að lágmarka áhrif, sérstaklega með tilliti til samlegðaráhrifa.	Í umhverfismatsskýrslu verður metið hvar á leið Holtavörðuheiðarlínu 1 sjónrænn ávinningur og annar ávinningur verður mestur af því að annað hvort samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Fjallað verður um hvar á línuleið þetta er mögulegt og lagt mat á umhverfisáhrif þessara kosta sem mótvægisáðgerð.
33	Hallgrímur S. Sveinsson, Vatnshömrum	Í tilfelli undirritaðs að þá hefur nálægð við spennistöð þau áhrif að það liggja í dag 3 rafmagnslínur nánast samsíða í gagnum land mitt og nú stendur til að bæta þeirri fjórðu við. Að vísu hef ég væntingar um að þeim fækki um eina í náginni framtíð (a.m.k. tímabundið) þar sem það var lagður rafmagnsstrengur í gegnum land mitt í sumar. Þessar rafmagnslínur liggja í gegnum land sem skipulagt er og þinglýst sem skógræktarland en með fyrirhugaðri fjölgun lína þá er alveg ljóst að þetta landsvæði er orðið afar óhentugt, jafnvel ómögulegt sem skógræktarland og í raun að öllu leyti illnýtanlegt til nokkurs annars en beitar.	Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun, þar með skógrækt.
34	Hallgrímur S. Sveinsson, Vatnshömrum	Upphafleg línuleið, sem að vísu var ansi óræð (og ég finn ekki lengur á korti hjá ykkur) hver er nákvæmlega, en eftir því sem ég best hef skilið átti að liggja milli núverandi línu (Hrútatungulínu 1) og Vegamótalínu, þó að á einhverju korti sem ég sá var gert ráð fyrir að væri vestanmegin við núverandi línuleið. Ég trúi því nú ekki að nokkrum manni hafi dottið það í hug útfrá staðsetningu íbúðarhúsanna á jörðinni en velti fyrir mér hvort að sú fjarlægð milli þeirra lína sem liggja nú þegar með rúmlega 100 metra millibili beri þá línu sem fyrirhuguð er á milli sín ?	Við Vatnshamra er gert ráð fyrir breiðara athugunarsvæði, sbr. kafli 3.6.3 í valkostastkýrslu og mynd. 3.6. Ekki hefur verið lögð fram tillaga um nákvæma legu línunnar.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
35	Hallgrímur S. Sveinsson, Vatnshömrum	Ég treysti því að sú vinna sem framundan er við val á línuleið fari ekki fram á skrifstofu í Reykjavík heldur verði loksins farið í raunverulegt samráð við landeigendur og fundinn leið sem ekki heldur áfram að skerða jörð mína meira en nauðsynlegt er og að gætt sé meðalhófs við val á línuleið. Mér hefði þó fundist eðlilegt að sú vinna hefði nú þegar verið hafin en betra er seint en aldrei. [...] Ég vil gera athugasemdir við það sem Landsnet kallar samráð við landeigendur. Hér nýtir ríkisfyrirtæki með ofgnótt af sérfræðingum sér yfirburði gagnvart landeigendum sem fæstir hafa faglega þekkingu á því hvernig vinna við lagningu rafmagnslína gengur fyrir sig og í mínu tilfelli þá fór t.d. upphaf „samráðs“ algjörlega framhjá mér. Þó hefði verið lítið vandamál að fletta mér upp í símaskrá og fá netfang til að senda boð um fundi eða annað. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um að fá aðila sem vinna að línuleiðinni á staðinn til að taka samtal við landeigendur að þá er þeim beiðnum ekki svarað og ekki orðið við þeim. Þó sagði m.a. í leiðbeiningum með vefsja að „svæðið“ hefði verið skoðað af sérfræðingum sem ég á mjög erfitt með að trúa og auk þess er það algjör lágmarks kurteisi að vera í sambandi við landeigendur sé skoðun á línuleið í gangi á þeirra landi.	Landsnet hefur á síðustu misserum lagt aukna áherslu á samráð við hagsmunaaðila og við samfélagið í heild sinni. Stofnuð hafa verið svæðisbundin verkefnaráð, samráðvettvangur fyrir stærri framkvæmdir, s.s. eins og Holtavörðuheiðarlínu 1. Verkefnaráðum er ætlað að tryggja virkara samtal, aukin skilning og betra upplýsingaflæði milli hagsmunaaðila í aðdraganda ákvarðana um framkvæmdina. Fulltrúar í verkefnaráðum koma m.a. frá sveitarfélögum, samtökum atvinnulífs, atvinnuþróunarfélögum, umhverfissamtökum, fræðasamfélaginu og stofnunum eftir því sem við á hverju sinni. Fulltrúar landeigenda eiga ekki fulltrúa í ráðunum en haldnir eru fundir fyrir landeigendur í takt við fundi með verkefnaráði þar sem farið er í gegnum sömu kynningar og efni og á fundum með verkefnaráði. Undirbúningur að lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 hófst formlega árið 2020 á fundum með sveitarstjórnnum á fyrirhugaðri línuleið. Í framhaldinu var stofnað verkefnaráð Holtavörðuheiðarlínu 1 og haft samband við landeigendur á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Haldnir hafa verið þrír fundir með verkefnaráði og fjórir fundir með landeigendum á línuleiðinni Hvalfjörður – Holtavörðuheiði frá vori 2021. Fundir með landeigendum voru auglýstir opinberlega, m.a. með auglýsingum í fjölmiðlum, á heimsíðum sveitarfélaga á línuleiðinni og á fésbókarsíðu Landsnets. Á þeim fundum sem haldnir hafa verið með landeigendum hefur verið safnað netföngum á lista, hringt hefur verið í fjölmarga landeigendur til að veita upplýsingar og fá netföng á umræddan lista. Þeim sem á listanum eru hafa verið sendar upplýsingar um fundi og annað sem í gangi er varðandi verkefnið. Bæði hefur verið um að ræða hefðbundna kynningarfundi þ.e. framsaga og umræður þar sem sérfræðingar sem og stjórnendur á vegum Landsnets hafa mætt sem og vinnustofur þar sem landeigendur hafa m.a. unnið að greiningu valkosta á línuleiðinni og koma með ábendingar varðandi verkefnið í heild sinni. Í kjölfarið var opið samráð í gegnum vefsja þar sem tekið var á móti athugasemdum við framkvæmdina og ábendingum varðandi línuleið. Umræddir fundir eru allir utan og auk lögbundinna ferla og eru liður í aukinni áherslu Landsnets á samráð við hagaðila og samfélagið í heild sinni, aukinni upplýsingagjöf og opinni og gagnsærri umræðu. Í desember 2021 var lögð fram valkostaskýrsla með tillögum um raunhæfa valkosti Holtavörðuheiðarlínu 1 en í skýrslunni er farið yfir þær hugmyndir og ábendingar sem komu fram í samráðsvinnu við landeigendur og hagsmunaaðila. Í matsáætlun Holtavörðuheiðarlínu 1 sem gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun kynni á næstu vikum, er m.a. greint frá hugmyndum sem fram hafa komið um valkosti framkvæmdarinnar og hvernig Landsnet hefur komist að niðurstöðu um valkosti sem fyrirtækið stefnir að því að leggja fram sem valkosti í vinnu umhverfismatsins. Á kynningartíma matsáætlunarinnar gefst almenningi sem og umsagnaraðilum tækifæri að koma með athugasemdir og umsagnir sem Landsnet bregst síðan við. Fundað verður áfram reglulega á meðan á verkefninu stendur með verkefnaráði Holtavörðulínu 1 og landeigendum og efnistöð á þeim fundum ráðast eftir því hvar verkefnið er statt hverju sinni og eftir óskum hagaðila. Þegar tekin hefur verið ákvörðun að loknu umhverfismati um hvaða valkostur verður lagður fram að hálfu Landsnets í umhverfismatsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir munu viðræður við landeigendur á viðkomandi línuleið hefjast. Við tökum hugmyndum að leiðum til að bæta og auka við samráð og fá sem flesta að borðinu fagnandi og munum skoða hvernig við getum gert enn betur í þeim efnum, erum m.a. opin fyrir vettvangsferðum og heimsóknum til þeirra landeigenda sem þess óska. Hægt er að nálgast efni funda á heimasíðu Landsnets undir sérstöku svæði um verkefnið, Hvalfjörður – Holtavörðuheiði. Þar eru birtar samantektir funda, kynningar og annað ítarefni. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir og óskir varðandi aðgang að efni sem snúa að verkefninu s.s. eins og útprentun á skýrslum ofl á samráðsstjóra Elínu Sigríði Óladóttur, á elins@landsnet.is.
36	Hallgrímur S. Sveinsson, Vatnshömrum	Gróflega áætlað má segja að á bilinu 15 – 20 ha (guli ramminn á mynd) jarðarinnar verði helgunarsvæði fyrir rafmagnslínur, á landi sem búið er að taka frá til skógræktar, ef Holtavörðuheiðarlína verður látin liggja samsíða Hrutatungulínu og er þá eingöngu gert ráð fyrir svæði að þeim stað þar sem vegamótalína beygir til vesturs. Þetta magn rafmagnslína á jafn litlu svæði hlýtur nú að vera nærri því að teljast til eignaupptöku og því vona ég að það verði skoðað mjög alvarlega að flytja upphaflegu línutillöguna verulega til austurs samkv. B1 – Andakílsleið þó að sú leið sé nú eins og er ekki mjög nákvæmlega staðsett.	Í gildi eru íslensk lög um öryggi raforkuvirkja og hefur Neytendastofa opinbert eftirlit með því að þeim sé framfylgt. Samkvæmt reglugerð nr. 586/2004 skal skilgreina lágmarksfjarlægðir háspennulína til annarra mannvirkja. Reglugerðin vísar til íslenskra staðla sem segja til um svokallað helgunarsvæði meðfram háspennulínum. Hönnunarforsendur loftlínu ákvarða stærð helgunarsvæðis hennar. Þeir þættir sem áhrif hafa á breidd helgunarsvæðis lúta að rúmfræðilegum og hönnunartengdum stærðum mannvirkisins ásamt veðurfarslegum álagsforsendum. Helgunarsvæði loftlína getur takmarkað skógrækt að einhverju leyti, en einnig má hugsa sér jákvæð samlegðaráhrif ef hægt er að nýta slóðagerð bæði til vinnu við skógrækt og rekstur lína. Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á áhrif valkosta á landbúnað, þar með talið skógrækt, sé hún tilgreind í þeim skráningargögnum sem Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins hefur aðgang að og hefur rétt til að deila. Við mat á áhrifum valkosta á landbúnað, verður m.a. tekið mið af helgunarsvæði línanna og hvort og hvernig þær takmarka landnotkun m.t.t. landbúnaðarlands.
37	Hallgrímur S. Sveinsson, Vatnshömrum	Í mínu tilfelli þá hefur Sveitarfélagið Borgarbyggð ekki boðað til fundar með landeigendum sem eiga hagsmuna að gæta með fyrirhugaðri framkvæmd, m.a. vegna heimsfaraldurs C-19. Það væri eðlilegt að áður en lengra er haldið í þessu ferli að Borgarbyggð myndi kynna íbúum sínum stefnu sína í þessu máli, m.a. í ljósi umræðu um tengsl þessarrar línulagnar við mögulega vindmyllugarða. Sömuleiðis er í hæsta máta óeðlilegt að landeigendur hafi aldrei verið boðaðir á fund með þeirra „fulltrúa“ í verkefnaráð sem að hlýtur að vera sá sem valinn var af sveitarfélaginu sem þeirra fulltrúi til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.	Landsnet hefur eftir fremsta megni reynt að upplýsa og vinna með sveitarfélögunum sem um ræðir og að í verkefnaráð og landeigendur og hyggst gera það áfram. Ljóst er að hagsmunir sveitarfélaga eru margvíslegir og þarf stefnumörkun sveitarfélaga að vinnast með aðkomu almennings, skv. skipulagslögum. Landsnet hefur ekki beina aðkomu að beinu samráði milli sveitarfélaga og landeigenda, en mun ítreka mikilvægi þess í samtali við sveitarfélögögin, þar sem ljóst er að ráðast þarf í breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna áður en hægt er að afgreiða framkvæmdaleyfi fyrir Holtavörðuheiðarlínu 1.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
38	Hallgrímur S. Sveinsson, Vatnshömrum	Það eru vonbrigði að ekki séð fjallað um með fullnægjandi hætti um línuleið 16, um Kjöl sem valkost til að auka flutningsöryggi þar sem endurnýjun á núverandi línu fullnægir skilyrðum um bætt afhendingaröryggi á Vesturlandi. Þannig myndi nýtast land sem ríkið hefur nú þegar slegið eign sinni á og þá þyrfti ekki að íþyngja landeigendum heldur myndi ríkið nýta sínar eigin lendur til framkvæmda.	Alls eru sett fram fjögur meginmarkmið með lagningu línunnar í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Meðal þeirra er bætt afhendingaröryggi með styrkingu tengingar við afhendingarstaði á meginflutningskerfinu sem jafnframt eru tengipunktar við svæðisbundnu flutningskerfin. Annað meginmarkmið er að stuðla að orkuskiptum í landinu með því að gera mögulegt að tengja nýja endurnýjanlega orkuframleiðslu við meginflutningskerfið. Eins og fram hefur komið munu orkuskiptin kalla á mikla framleiðslu endurnýjanlegrar orku, en ekki er til staðar svigrúm til að tengja nýjar orkuframleiðslueiningar við meginflutningskerfið nema að mjög takmörkuðu leyti. Ef farin verður sú leið að leggja línunna yfir Kjöl munu þessi tvö markmið ekki verða uppfyllt að sama marki og með lagningu hennar á fyrirhugaðri línuleið. Á fyrirhugaðri línuleið eru tengingar eða nálægð við afhendingarstaði sem þjóna sem tengipunktar við svæðisbundin flutningskerfi frá Vesturlandi og Vestfjörðum. Ef valin yrði línuleið yfir Kjöl myndi línán sneiða fram hjá þessum afhendingarstöðum. Það myndi hafa áhrif á möguleika á aukinni orkunotkun sem og orkuöflun á svæði sem nær frá Borgarnesi um Snæfellsnes og Vestfirði og að Hrútafirði. Ekki er fyirséð að línuleið um Kjöl leiði til minni sýnileika raflína í byggð eða takmarki landnotkun þar. Holtavörðuheiðarlína 1 verður hluti af hringtengdu meginflutningskerfi landsins. Tryggja þarf sveigjanleika í þróun kerfisins, meðal annars með tilliti til afhendingar raforku til dreifiveitna (t.d. Rarik). Því er mikilvægt að meginflutningskerfi liggi um eða nærri tengipunktum við dreifikerfi raforku, sem sjá um að miðla orkunni áfram til notenda í byggð. Sé Holtavörðuheiðarlínu 1 færð fjær byggð, t.d. á miðhálandið, er fyirséð að leggja þyrfti raflínur frá henni og að tengipunkti dreifiveitna. Ólíklegt er að hægt verði að leggja slíkar línur í jörðu. Því er óvíst að sjónrænn ávinningur í byggð yrði umtalsverður af því að leggja Holtavörðuheiðarlínu 1 um Kjöl. Fyrirhugað er að ráðast í frekari greiningu á möguleikum til lagningu jarðstrengja á nærliggjandi kerfum Landsnets á leið Holtavörðuheiðarlínu 1, sem rekin eru með lægri spennu en nýja línán. Samhliða því verður ástand línanna greint. Umhverfismat mun gefa niðurstöðu um viðkvæmustu svæðin m.t.t. sjónrænna samlegðaráhrifa Holtavörðuheiðarlínu 1 og núverandi raflínu. Þær niðurstöður ásamt upplýsingum um tæknilega möguleika á jarðstrengslögnum og ástand núverandi mannvirkja mun skapa forsendur til að greina hvort og þá hvar mögulegt verður að leggja nærliggjandi línur í jörðu eða samnýta megi tvírásamöstur fyrir fleiri en eina línu. Fyirséð er að þar sem mögulegt er að gera slíka breytingu verður það að gerast í áföngum. Landsnet væntir þess að í umhverfismatsskýrslu verði hægt að leggja fram tímasetta áfangaskiptingu.
39	Bergur Barðarson f.h. eigenda Kaðalsstaða	Við, eigendur Kaðalstaða 1, viljum koma á framfæri óskum okkar að við lagningu Holtavörðuheiðar-/Hvalfjarðarlínu verði leitast við að halda sjónrænum áhrifum í lágmarki. Að leggja nýja línu við hlið gömlu línunnar, með tilheyrandi fjölgun mastra og landróti er hugmynd sem engan vegin er hægt að sætta sig við án þess að sýnt verði fram á með afgerandi hætti að ábati þess framyfir að styrkja/bæta núverandi möstur sé verulegur. Ef ábatinn væri það verulegur að ákveðið yrði að fara í slíka framkvæmd þá teljum við eðlilegt að landeigendur fengju að njóta a.m.k. hluta þess ábata þar sem að slíkar framkvæmdir rýra virði óspillts lands til framtíðar.	Markmið umhverfismats er að lágmarka umhverfisáhrif framkvæmdar. Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á sjónræn áhrif línukosta. Gerður verður samanburður á áhrifunum valkosta og mögulegar mótvægisáðgerðir vegnar, svo sem að samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Greiðslur vegna endurgjalds fyrir landnot byggja á 21. gr. raforkulaga. Samningar um endurgjald taka mið af landgæðum, mannvirkjum, aðstöðu og öðrum réttindum. Með fyrri samningum og ákvörðunum um greiðslur fyrir afnot af landréttindum hafa verið mótuð ákveðin sjónarmið um bætur vegna háspennulína, sem byggja verður á við gerð nýrra samninga. Í samningaviðræðum byggir Landsnet á þeim grunni þegar lögð eru fram samningsdrög en landeigandi getur andmælt þeim og lagt fram sín sjónarmið. Komið hafa upp tilvik þar sem aðilar ná ekki saman bótafjárhæð en þeir þá sammælst um að láta matsnefnd eignarnámsbóta skera úr um fjárhæð bóta. Landsnet semur um ótímabundin afnot landsréttinda vegna nýrra mastra, leiðara og slóða í landi hve­rrar jarðar. Í framkvæmd hefur mó­­tast sú regla hjá matsnefnd eignarnámsbóta að greiddar séu bætur vegna þess að lagning lín­u sé til þess fallin að rýra verðmæti stær­ra svæðis en eignarnámið og byggingabannið nær til vegna sjónrænna áhrifa af línunni. Hefur verið miðað við að svæði í allt að 200 metra fjarlægð frá miðju til hvorrar handar frá línunni eða 400 metra breiðu bili, að frádregnu því svæði sem byggingabannið nær yfir, gæti áhrifa sem rýri verðmæti lands og að á því svæði komi til verðrýrnunar sem nemi 10% af fullu verði. Endurgjaldið er einskiptisgreiðsla sem greidd er í kjölfar undirritunar samninga við landeigendur. Greiðslan ræðst af markaðsvirði lands og umfangi mannvirkja á hverri jörð fyrir sig. Ábati skilar sér til allra raforkunotenda í formi lægri gjaldskrár.
40	Bergur Barðarson f.h. eigenda Kaðalsstaða	Það er nauðsynlegt að flytja rafmagn um Ísland og er allri þjóðinni til hagsbóta. En fórnarkostnaður þess eru þau sjónrænu áhrif sem slíkri framkvæmd fylgja með tilheyrandi virðisrýrnun óspillts lands. Það getur varla talist eðlilegt að sá fórnarkostnaður sé eingöngu borinn uppi af landeigendum. Kostnaður af lagningu raflína á að deilast á þjóðina en ekki einstaka landeigendur. Til að auka ekki þann fórnarkostnað sem nú þegar hefur hlotist af raflinum er nauðsynlegt að reyna að meta þann kostnað til þess að framkvæmdaraðili geta tekið hann með í kostnaðaráætlanir sínar og fái þar með réttari samanburð á kostnaði þegar mismunandi valmöguleikar eru skoðaðir. Það getur vart verið rétt að gera ráð fyrir að hægt sé að ryðjast gegnum lönd einkaaðila án þess að það hafi í för með sér kostnað hvort sem að ríkið þurfi að greiða hann eða ekki. Það verður alltaf einhver sem stendur uppi með þann kostnað hvort sem hann verði mældur í veraldlegu gæðum eða ekki. Ástæðan fyrir því að ég mér er tíðrætt um kostnað lands er fyrst og fremst til þess að auka líkur á því að það verði bara eitt línustæði í stað tveggja. Ef gert er ráð fyrir að land sé ókeypis þá mun það leiða til þess að kostnaðaráætlun heildar verkefnisins verður alröng, hvort sem að landnotkun verði greidd af framkvæmdaraðila eða ekki. Það mun alltaf einhver sitja uppi með kostnaðinn.	Vísað er í svar sem er hér næst að ofan. Eins og fram kemur í valkostaskýrslu munu valkostir á hluta línuleiðar (þar sem m.a. er þrengst um staðsetningu mannvirkja) snúa að fækkun línustæða, m.a. með mati á valkostum sem felast í að samnýta möstur fyrir tvær línur og/eða setja línur af lægri spennu í jörðu.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
41	Þórarinn Blöndal, Þorvaldur Blöndal og Þórmundur Blöndal, landeigendur Laugarholti	Landeigendur í Laugarholti í Bæjarsveit vilja taka undir erindi Eiríks Blöndal frá Jaðri sem hann hyggst senda ykkur vegna málsins. Einnig stöndum við að landslagsgreiningu sem Sigurbjörg Áskelsdóttir sendir ykkur.	Ekki efnisleg athugasemd
42	Þórarinn Blöndal, Þorvaldur Blöndal og Þórmundur Blöndal, landeigendur Laugarholti	Í sjónvarpsfréttum RÚV 16.01.2022 19:00 kemur fram að til stendur að auka raforkuframleiðslu um 50% á næstu árum. Þarf ekki að taka tillit til þess hvar þessi raforkuframleiðsla á sér stað áður en þessi lína er lögð? Veit Landsnet hvaðan og hvert og hve mikla raforku stendur til að flytja á næstunni?	Nokkuð góða mynd er af staðsetningu þeirra orkukosta sem gætu verið nýttir á næstu árum. Sú sterka tenging milli landshluta sem Landsnet vinnur að veitir mikinn sveigjanleika í raforkuflutningi milli landshluta. Reiknað er með að ný vinnsla verði tengd inn á meginflutningskerfið þar sem það liggur næst henni. Styrking meginflutningskerfisins milli landshluta er lykilatriði þegar kemur að því að nýta orkukosti hvar sem þeir kunna að verða.
43	Þórarinn Blöndal, Þorvaldur Blöndal og Þórmundur Blöndal, landeigendur Laugarholti	Í stjórnersáttmála ríkisstjórnarinnar sem tók við völdum 2021 kemur fram að það eigi að virkja vindorku nærri tengivirkjum og flutningslínunum. Á virkilega að sjá til hvar Landsnet plantar græjum sínum niður og taka svo ákvörðun um vindmyllur?	Holtavörðuheiðarlína 1 er hluti af endurnýjun byggðalínunnar og hefur verið á áætlun Landsnets í nokkurn tíma og grundvallast því ekki á stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þó er bent á að meginmarkmið með framkvæmdinni sem birt er í Kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfisins eiga samhljóm með áherslum stjórnvalda í orkumálum og loftslagsmálum. Megin markmiðin með lagningu línunnar eru eftirfarandi: • Bæta afhendingaröryggi á byggðalínusvæðinu með því að styrkja tengingar við afhendingarstaði á meginflutningskerfinu sem jafnframt eru tengipunktar við svæðisbundnu flutningskerfin. • Bæta tiltæka afhendingargetu á öllum afhendingarstöðum á landinu með því að auka flutningsgetu lína á byggðalínusvæðinu og koma þannig í veg fyrir að flutningstakmarkanir hamli eðlilegri atvinnuuppbyggingu í landinu. • Bætt nýting fjárfestinga í orkukerfi landsins með því að hámarka nýtingu virkjana og vatnasvæða sem nú þegar eru til staðar. • Stuðla að orkuskiptum í landinu með því að gera mögulegt að tengja nýja endurnýjanlega orkuframleiðslu við meginflutningskerfið.
44	Þórarinn Blöndal, Þorvaldur Blöndal og Þórmundur Blöndal, landeigendur Laugarholti	Það stendur ekki berum orðum í skýrslunni en tilgangur framkvæmdarinnar virðist að slá tvær flugur í einu höggi; að auka afhendingaröryggi raforku á Vesturlandi og styrkja raforkuflutninga milli landshluta. Með þá forsendu er vandséð að komist verði hjá því að leggja þessa línu. Því viljum við vekja athygli á því að mörg flugupör hafa verið slegin í tveimur höggum. Hægt er að styrkja núverandi 132.000 volta línu fyrir afhendingaröryggið og leysa þann part sem snýr að alþjóð með nýrri línu um Þjóðlendur á Kili. Rétt er að Alþingi hefur ályktað gegn raflínum á hálendi en Holtavörðuheiði er að sjálfsögðu líka hálendi.	Eins og fram kemur (sjá viðbrögð við athugasemd Vatnshamra nr. 40) þá uppfyllir línulögn um Kjöl ekki stefnu stjórnvalda eða markmið þessarar framkvæmdar, sbr. svarið í liðnum hér næst að ofan. Ný eða styrkt 132 kV lína mun heldur ekki ná að uppfylla þessi markmið vegna takmarkaðrar flutningsgetu lína á 132 kV spennu.
45	Þórarinn Blöndal, Þorvaldur Blöndal og Þórmundur Blöndal, landeigendur Laugarholti	Í þriðja lagi viljum við nefna að skipulagsyfirvöld í héraðinu hafa ekki séð sér fært að funda með landeigendum um þessa framkvæmd.	Landsnet hefur eftir fremsta megni reynt að upplýsa og vinna með sveitarfélögunum sem um ræðir og að í verkefnaráð og landeigendur og hyggst gera það áfram. Ljóst er að hagsmunir sveitarfélaga eru margvíslegir og þarf stefnumörkun sveitarfélaga að vinnast með aðkomu almennings, skv. skipulagslögum. Landsnet hefur ekki beina aðkomu að beinu samráði milli sveitarfélaga og landeigenda, en mun ítreka mikilvægi þess í samtali við sveitarfélögögin, þar sem ljóst er að ráðast þarf í breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna áður en hægt er að afgreiða framkvæmdaleyfi fyrir Holtavörðuheiðarlínu 1.
46	Þórarinn Blöndal, Þorvaldur Blöndal og Þórmundur Blöndal, landeigendur Laugarholti	Ábendingar um Bæjarsveit, sérstaklega um land Langholts og Laugarholts (kafli 3.3) Núverandi 132.000 volta raflína liggur mjög nálægt íbúðarhúsum og útihúsum. Þegar við vorum krakkar og þurftum að athuga með kindur uppi á Langholtshól eða vildum renna fyrir lækjarlontu í Laugarlæk þá þurftum við að fara undir þessa línu. Þá tók maður á sprett til að vera sem stystan tíma undir þessu hvínandi ferlíki. Því væri að sjálfsögðu til bóta ef þetta væri flutt hinum megin (norður og vestur) við Hólinn (leið B2 á bls. 23). En miklu betra væri ef hún eða þær (132 kv og 220 kv ef til stendur að reka þær báðar) færu enn nær landamörkum Stafholtseyjar og þveruðu Hvítá við vesturhluta Langsholtsflóa í stað þess að fara yfir Hvítá nálægt Svarthöfða eins og B2 gerir ráð fyrir núna. Kringum Svarthöfða er verðmætt laxveiðisvæði á meðan lítil veiðivon er nokkur hundruð metrum neðar í ánni. Með því að taka stærra skref en B2 og þvera Hvítá nær Stafholtsey, þá myndi Landsnet vera að fara eftir þingsályktun 11/144 þar sem segir „Leita skal leiða til að draga úr sjónrænum áhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja sem falla betur að umhverfinu og velja stæði þannig að sjónræn áhrif eða önnur umhverfisáhrif séu sem minnst.“ í kafla 1.5.2.	Athugasemdin leiðir til nýs valkostar: B3 Bæjarsveitarleið vestari. Línan liggur fjær byggð við Langholt en valkostur B2 gerir. Útfærsla á hugmyndinni tekur mið af öðrum jarðeignum í nágrenni Langholts og Laugaholts og liggur því litlu sunnar í landinu en tillaga frá landeiganda gerir ráð fyrir. Valkosturinn gerir ráð fyrir að Holtavörðuheiðarlína 1 þveri Hvítá norðar en núverandi lína gerir.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
47	Ragnhildur Helga Jónsdóttir, Ausa	Í skýrslu um Valkostagreiningu fyrir Holtavörðuheiðarlínu 1 kemur fram að með nýrri línu aukist sjónræn áhrif mannvirkjanna í tengivirki við Vatnshamra og samlegðaráhrif línumannvirkja. Ég sem landeigandi Ausu verð fyrir mestum daglegum áhrifum af auknum sjónrænum áhrifum mannvirkjanna, þar sem tengivirkið við Vatnshamra blasir við af heimili mínu. Því er nauðsynlegt að draga eins og hægt er úr sjónrænum áhrifum af tengivirkinu. [...] Eitt er það sem nauðsynlega þarf að huga að, er að lágmarka þann hávaða sem kemur frá spennni sem er í tengivirki við Vatnshamra. Nú þegar er hávaði sem kemur frá tengivirkinu óásættanlegur og berst fleiri daga en færri heim til mín, sem gerir að lífsgæði mín og okkar sem búum í Ausu, eru skert; við fáum aldrei notið þagnar umhverfisins og það skerðir verðmæti þau sem felast í því að búa úti í sveit. Það er óásættanlegt fyrir okkur sem búum á næstu jörð að búa við slík skert lífsgæði heima hjá okkur að stöðugt sé um hljóðmengun að ræða frá tengivirkinu. Ég fer því fram á að gripið sé til aðgerða til að draga úr þessum hávaða frá núverandi tengivirki, og alls ekki verði ráðist í framkvæmdir við stækkun tengivirkisins, nema tryggt verði að komið verði í veg fyrir að hávaði berist frá því. Sem lið í þessu óska ég eftir að byggt verði yfir tengivirkið við Vatnshamra til að draga úr þeirri hljóðmengun sem frá því berst, auk þess sem slíkt bætir rekstur þess.	Elsti hluti tengivirkisins er kominn til ára sinna og ekki er langt í endurnýjun Vatnshamra. Stefna Landsnets er að byggja yfir öll tengivirki á næstu árum og því má reikna með því að í stað núverandi virkis rísi nýtt yfirbyggt virki sem verður talsvert umfangsminna. Tímasetning liggur ekki fyrir, en áætlað er að samfara umhverfismati á Holtavörðuheiðarlínu 1 verði gerðar kerfisgreiningar til að skilgreina og tímasetja endurnýjun flutningsmannvirkja á áhrifasvæði línunnar, þar á meðal tengivirkisins á Vatnshömrum. Við Vatnshamra er gert ráð fyrir breiðara athugunarsvæði, sbr. kafli 3.6.3 í valkostaskýrslu og mynd 3.6. Ekki hefur verið lögð fram tillaga um nákvæma legu línunnar á þessu svæði. Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á hljóðvist. Þegar fyrir liggur niðurstaða framangreindrar kerfisgreiningar og tímasetning á endurnýjun mannvirkja næst nýrri línu, m.a. möguleg yfirbygging Vatnshamra, þarf að vinna mat á hljóðvist. Á grundvelli þeirra niðurstaðna þarf að meta hvort þurfi að ráðast í aðgerðir til að draga úr hljóði sem berst frá t.d. Vatnshömrum
48	Ragnhildur Helga Jónsdóttir, Ausa	Á kortum hefur ekki reynst unnt að greina hvort að fyrirhuguð lína fari um jörð mína og því get ég ekki gert athugasemdir við það, að svo komnu máli, en áskil mér rétt til að gera það þegar nákvæmari lagnaleið kemur fram.	Í valkostaskýrslu er gerð grein fyrir úrvinnslu hugmynda um línukosti og niðurstöðu greiningar á raunhæfum hugmyndum um valkosti línuleiða til umhverfismats. Lega valkosta í umhverfismatsskýrslu byggir á frumhönnun og verður kynnt verkefnaráði og landeigendum, bæði þegar skýrslan verður kynnt en einnig er fyrir séð að þar sem möguleikar eru til þess að útfæra línuleiðir nákvæmar innan einstakra jarða verði þeir möguleikar kynntir landeigendum áður en skýrslan verður kynnt. Þegar ákvörðun liggur fyrir um hver valkostanna verður gerður að aðalvalkosti Landnsets, verður ráðist í endanlega verkhönnun og nákvæm lega slóða og mastra útfærð í samráði við landeigendur.
49	Ragnhildur Helga Jónsdóttir, Ausa	Ég áskil mér rétt til að gera frekari athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir, eftir því sem fleiri upplýsingar koma fram.	Í valkostaskýrslu er gerð grein fyrir úrvinnslu hugmynda um línukosti og niðurstöðu greiningar á raunhæfum hugmyndum um valkosti línuleiða til umhverfismats. Lega valkosta í umhverfismatsskýrslu byggir á frumhönnun og verður kynnt verkefnaráði og landeigendum, bæði þegar skýrslan verður kynnt en einnig er fyrir séð að þar sem möguleikar eru til þess að útfæra línuleiðir nákvæmar innan einstakra jarða verði þeir möguleikar kynntir landeigendum áður en skýrslan verður kynnt. Þegar ákvörðun liggur fyrir um hver valkostanna verður gerður að aðalvalkosti Landnsets, verður ráðist í endanlega verkhönnun og nákvæm lega slóða og mastra útfærð í samráði við landeigendur.
50	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Lagst er gegn lagningu 220 kV línu um Bæjarsveit og hugmyndum um aukna orkuflutninga meðfram eða á núverandi línu.	Í raforkuspá orkuspárnefndar fyrir tímabilið 2020-2060 er raforkunotkun á Íslandi til framtíðar áætluð. Áætlanir Landsnets um framtíðarþörf orkuflutninga byggja á þeim grunni. Samkvæmt sviðsmyndagreiningu orkuspárnefndar, er flutningsgeta 132 kV byggðalínu ófullnægjandi til framtíðar. Nauðsynlegt er talið að ný kynslóð lína í meginflutningskerfinu sé afkastameiri og þá er 220 kV næsta spennustig sem notast yrði við hér á landi. Því er gert ráð fyrir að Holtavörðuheiðarlína 1 geti mætt kröfum um afköst á fullnægjandi hátt.
51	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Skoðað verði í samráði við landeigendur hvernig staðið verði að endurbyggingu núverandi 132 kV línu þannig að sátt verði um.	Fyrirhugað er að ráðast í frekari greiningu á möguleikum til lagningu jarðstrengja á nærliggjandi kerfum Landsnets á leið Holtavörðuheiðarlínu 1, sem rekin eru með lægri spennu. Samhliða því verður ástand línanna greint. Umhverfismat mun gefa niðurstöðu um viðkvæm svæði m.t.t. sjónrænna áhrifa og byggir m.a. á ábendingum frá landeigendum, sem komið hafa fram við undirbúning umhverfismats Holtavörðuheiðarlínu 1. Í þeim tilfellum sem framansögð greining leiðir í ljós svæði þar mögulegt er að leggja línu í jörð eða sameina fleiri en eina línu í möstur, er fyrir séð að það verk verður að gerast í áföngum. Landsnet væntir þess að í umhverfismatsskýrslu verði hægt að leggja fram tímasetta áfangaskiptingu.
52	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Alger forsenda að áður en lengra er haldið verði raunverulegt samráð milli landeigenda og sveitarfélagsins, sem fer með skipulagsvaldið, um línuleiðir og vindmyllugarða sem óhjákvæmilega verða skipulagðir í nágrenni 220 kV línu verði hún lögð.	Landsnet hefur eftir fremsta megni reynt að upplýsa og vinna með sveitarfélögunum sem um ræðir og að í verkefnaráð og landeigendur og hyggt gera það áfram. Ljóst er að hagsmunir sveitarfélaga eru margvíslegir og þarf stefnumörkun sveitarfélaga að vinnast með aðkomu almennings, skv. skipulagslögum. Landsnet hefur ekki beina aðkomu að beinu samráði milli sveitarfélaga og landeigenda, en mun ítreka mikilvægi þess í samtali við sveitarfélgögin, þar sem ljóst er að ráðast þarf í breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna áður en hægt er að afgreiða framkvæmdaleyfi fyrir Holtavörðuheiðarlínu 1.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
53	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur enn ekki séð sér fært að funda með landeigendum um hagsmuni tengda þessari fyrirhugaðri framkvæmd. Eins og kunnugt er hefur m.a. heimsfaraldur Covid 19 sett sitt strik í möguleika manna til að hittast. Það er líka staðreynd að allnokkrir landeigendur búa ekki á svæðinu. Þetta setur landeigendur í slæma stöðu að bregðast við þessari skýrslu sem hér er til umfjöllunar. Sveitarfélagið fer jú með skipulagsvaldið.	Landsnet hefur eftir fremsta megni reynt að upplýsa og vinna með sveitarfélögunum sem um ræðir og að í verkefnaráð og landeigendur og hyggst gera það áfram. Ljóst er að hagsmunir sveitarfélaga eru margvíslegir og þarf stefnumörkun sveitarfélaga að vinnast með aðkomu almennings, skv. skipulagslögum. Landsnet hefur ekki beina aðkomu að beinu samráði milli sveitarfélaga og landeigenda, en mun ítreka mikilvægi þess í samtali við sveitarfélgögin, þar sem ljóst er að ráðast þarf í breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna áður en hægt er að afgreiða framkvæmdaleyfi fyrir Holtavörðuheiðarlínu 1.
54	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Í kafla 2.1.2. er getið um stefnumörkun stjórnvalda um „að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið“. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að bæði Skarðsheiðin og Holtavörðuheiðin hljóta að teljast hálendi. Þessar þingsályktunartillögur ættu ekki, hvað varðar „hálendishugtakið“ að koma í veg fyrir að lagnaleið yfir Kjöl væri skoðuð.	Í þingsályktun nr. 26/148 kemur fram að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið. Umræður um stefnu stjórnvalda á Alþingi, sem finna má á vef þingsins, gefa til kynna að "hálendið", með greini, eigi við miðhálendi Íslands. Þegar greindir eru raunhæfir valkostir sem verða teknir til mats á umhverfisáhrifum þarf að vega og meta ýmis atriði. Farið er ítarlega yfir þessa þætti í kaflanum „Forsendur valkostagreiningar“ í valkostaskýrslu. Í megindráttum byggir Landsnet ákvörðun sína um að leggja ekki fram til mats valkosti sem færu á löngum kafla innan hálendis á þeim forsendum sem til umfjöllunar eru í kaflanum. Holtavörðuheiðarlína 1 verður hluti af hringtengdu meginflutningskerfi landsins. Tryggja þarf sveigjanleika í þróun kerfisins, meðal annars með tilliti til afhendingar raforku til dreifiveitna (t.d. Rarik). Því er mikilvægt að meginflutningskerfi liggi um eða nærri tengipunktum við dreifikerfi raforku, sem sjá um að miðla orkunni áfram til notenda í byggð. Sé Holtavörðuheiðarlínu 1 færð fjær byggð er fyrirséð að leggja þyrfti raflínu frá henni og að tengipunkti dreifiveitna. Ólíklegt er að hægt verði að leggja slíkar línur í jörðu. Því er óvíst að sjónrænn ávinningur í byggð yrði umtalsverður af því að leggja Holtavörðuheiðalínu 1 um miðhálendið. Línuleið um Kjöl uppfyllir ekki stefnu stjórnvalda eða markmið framkvæmdarinnar né heldur er fyrirséð að hún hafi umhverfislegan ávinning
55	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Að tekin verði málefnaleg afstaða til tillögu um tengingu yfir Kjöl sbr kafla 2.2.2. þar sem fjallað verði annarsvegar um endurbyggingu núverandi 132 kV línu í tengslum við afhendingaröryggi og hins vegar um nýbyggingu 220 kV línu sem hluta af orkuflutningum milli landshluta. [...] Á sama hátt er í kafla 2.2.2 ófullnægjandi umfjöllun um línuleið 16, um Kjöl sem valkost. Þar er blandað saman annarsvegar hugmyndum um bætt afhendingaröryggi á Vesturlandi sem næst fullvel með endurnýjun 132 kV línu og hins vegar markmiðum um aukinn raforkuflutning milli landshluta sem nýrri 220 kV línu er ætlað að sinna. Nær alla leið sem 220 kV lína samkvæmt línuleið 16 mundi fara væri hún meðfram Sultartangalínu, eða vegum, eða fyrirhuguðum vegum yfir Kjöl. Þessi leið hefur líka þann kost að á stórum hluta er farið yfir land sem ríkið hefur slegið eign sinni á sem þjóðlendu. Eðlilegt er að hver og einn aðili, þ.m.t. ríkið nýti sínar lendur eins og kostur er til framkvæmda. Öflug tenging núverandi og fyrirhugaðra vatnsaflsvirkjana og vindmyllugarða á Þjórsársvæði annarsvegar og Blöndu svæði hins vegar er greinilega æskileg. Sjá t.d. alveg nýja umfjöllun um virkjanakosti hér: https://www.ruv.is/frett/2022/01/15/innvidaradherra-telurnaudsynlegt-ad-virkja-meira Með lagningu 220 kV línu yfir Kjöl næst þannig góð tenging milli Blöndusvæðisins og fyrirhugaðra virkjana þar og Þjórsársvæðisins og samtímis sparast margir tugir km línulagnar um byggð.	Alls eru sett fram fjögur meginmarkmið með lagningu línunnar í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Meðal þeirra er bætt afhendingaröryggi með styrkingu tengingar við afhendingarstaði á meginflutningskerfinu sem jafnframt eru tengipunktar við svæðisbundnu flutningskerfin. Annað meginmarkmið er að stuðla að orkuskiptum í landinu með því að gera mögulegt að tengja nýja endurnýjanlega orkuframleiðslu við meginflutningskerfið. Eins og fram hefur komið munu orkuskiptin kalla á mikla framleiðslu endurnýjanlegrar orku, en ekki er til staðar svigrúm til að tengja nýjar orkuframleiðslueiningar við meginflutningskerfið nema að mjög takmörkuðu leyti. Ef farin verður sú leið að leggja línunna yfir Kjöl munu þessi tvö markmið ekki verða uppfyllt að sama marki og með lagningu hennar á fyrirhugaðri línuleið. Á fyrirhugaðri línuleið eru tengingar eða nálægð við afhendingarstaði sem þjóna sem tengipunktar við svæðisbundin flutningskerfi frá Vesturlandi og Vestfjörðum. Ef valin yrði línuleið yfir Kjöl myndi línán sneiða fram hjá þessum afhendingarstöðum. Það myndi hafa áhrif á möguleika á aukinni orkunotkun sem og orkuöflun á svæði sem nær frá Borgarnesi um Snæfellsnes og Vestfirði og að Hrutafirði. Ekki er fyrirséð að línuleið um Kjöl leiði til minni sýnileika raflína í byggð eða takmarki landnotkun þar, sbr. svar hér næst að ofan.
56	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Varðandi kafla 3.3 þá viljum við gagnrýna að ekkert samráð hefur verið haft við landeigendur um útfærslur á valkostum við núverandi línuleið. Eins og getið er um í þessum kafla þá er lega línunnar nærri byggð á þeim kafla sem nærri er okkur. Þá er lega línunnar um láglendi yfir núverandi ræktunarlönd og framtíðar ræktunarlönd mjög óheppileg og ætti að gefa enn frekara tilefni til samráðs um þær lagnaleiðir sem lagðar eru fram.	Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt. Matið verður byggt á rannsóknum Rannsóknamiðstöðvar landbúnaðarins.
57	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Í kafla 3.6.3 er m.a. fjallað um breiðara athugunarsvæði á kafla sem m.a. varðar okkur. Við teljum að þarna þurfi að kanna enn breiðara svæði en lagt er til og strax í upphafi hefði átt að hafa samráð við landeigendur og íbúa á mun breiðara svæði, en ekki aðeins þá sem áttu lönd undir núverandi línu eins og gert var.	Fram hefur komið að nýr valkostur á þessu svæði verður tekinn til umhverfismats. Við mat á umhverfisáhrifum háspennulína er hefðbundið að miða við athugunarsvæði sem er 150 m í hvora átt frá raflínunni. Vegna umhverfismats Holtavörðuheiðarlínu 1 er gert ráð fyrir stærra athugunarsvæði á nokkrum stöðum á línuleiðinni, m.a. í Bæjarsveit nærri Langholti og Hvítá. Hversu stórt svæði verður um að ræða ræðst af aðstæðum á hverjum stað og þeim umhverfisþáttum sem til rannsóknar eru og krefjast víðara athugunarsvæðis. Við undirbúning rannsókna vegna umhverfismatsins verður skilgreint hvaða rannsóknir um ræðir.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
58	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Í viðauka 1 er fjallað um forsendur valkostagreiningar m.a. kerfisáætlun, stefnu stjórnvalda og markmið raforkulaga. Í þessu samhengi vantar tilfinnanlega umfjöllun um þær breyttu forsendur á raforkumarkaði sem hafa orðið og gætu orðið. Til samanburðar er ágætt að skoða stöðu á raforkumarkaði í Evrópu nú um stundir. Sérstaklega vantar að gaumgæfa hvaða áhrif „orkupakkar“ ESB geti haft á viðskipti með raforku á afskriftatíma þeirra raflína sem hér um ræðir. Það þarf að ræða hvernig þeir sem leggja land undir staurastæður og land undir línur og á áhrifasvæði þeirra fái sanngjarnan hlut í þeim viðskiptahagnaði sem þá gæti skapast.	Þörf fyrir uppbyggingu flutningskerfisins er metin út frá forsendum eins og raforkuspá og samningum við nýja notendur kerfisins auk stefna stjórnvalda s.s. orkustefnu, stefnu um uppbyggingu flutningskerfis raforku og aðgerðaáætlun í loftsslagsmálum. Ekki er horft sérstaklega til mögulegra breytinga á samevrópskri löggjöf og breytingum á viðskiptaumhverfi með raforku byggðum á þeim. Landsnet fylgir gildandi raforkulögum og hverjum þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfsemi fyrirtækisins á hverjum tíma
59	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Vera kann að orkutilskipanir ESB, t.d. fjórði orkupakkinn geti orðið til þess að unnt verði, eða jafnvel skylt að skattleggja háspennumöstur t.d. með fasteignasköttum, eins og önnur mannvirki sem reist eru til einkanota, eða fyrir atvinnurekstur. Við þá ráðstöfun yrði eignarréttur upprunalegs landeiganda skaðaður. Mun minni mannvirki en háspennumöstur þurfa jafnan að hafa lóð og bera fasteignaskatt af sjálfum sér og lóðinni einnig. Þá er miðað við álagningu sem er hlutfall af eðlilegu staðgreiðsluverði sambærilegra eigna á svæðinu. Hlunnindi bera fasteignaskatt sem hlutfall af ætlaðri arðsemi. Umræða um skattlagningu orkumannvirkja er þegar sterk meðal sveitarfélaga. Þá hefur það verið krafa bænda að land undir veitumannvirki beri leigu en sé ekki tekið gegn bótum.	Í raforkutilskipunum er ekki fjallað um skattlagningu orkumannvirkja. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 6/2001 eru rafveitur, þar á meðal línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum, undanþegnar fasteignamati en meta skal eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir spennistöðvar, og þær lóðir er þau standa á. Háspennulínur hafa þannig ekki verið metnar fasteignamati og fasteignaskattur því ekki lagður á þær enda engin álagningarstofn til staðar. Flutningskerfi raforku telst til einna mikilvægustu innviða samfélagsins. Í 1. gr. raforkulaga er fjallað um markmið laganna, sem er m.a. að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku og tryggja fullnægjandi raforkuöryggi, hagsmuni neytenda og neytendavitund á raforkumarkaði. Í III. kafla laganna er svo nánar fjallað um skyldur flutningsfyrirtækisins, sem er Landsnet. Þannig skal eitt fyrirtæki skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Flutningsfyrirtækið skal vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Er það gert til að rjúfa eignatengsl milli Landsnets, sem hefur einkaleyfi á flutningi raforku og kerfisstjórnun, og orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna. Þannig er skilið á milli samkeppnisreksturs og grunnreksturs á orkumarkaði. Landsnet hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki og skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, sbr. 1. mgr. 9. gr. raforkulaga. Hvort sem um er að ræða þjóðvegi eða flutningskerfi raforku er um að ræða mikilvæga innviði og grunnrekstur og þeir sem leggja til afnot af landi í þágu þessara innviða fá landbætur í samræmi við það beina fjártjón sem viðkomandi kann að verða fyrir í samræmi við reglur og sjónarmið laga þar um. Greiðslur landbóta hafa miðast við að um ótímabundna kvöð er að ræða og þar af leiðandi hefur fjárhæð þeirra miðast við að um væri að ræða greiðslu er jafnist til kaupverðs á þeim tíma sem framkvæmdin er reist. Leigusamningar eru tímabundnir og því ekki unnt að kveða á um lengd afnota tíma, enda fer flutningskerfi raforku um langan veg og um eignarlönd margra, líkt og þjóðvegir.
60	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Enn fremur vantar umfjöllun um vindmyllur og tengingu þeirra við kerfið. Þó ber að halda því til haga að þessi atriði voru rædd á samráðfundunum og kom þar m.a. fram að uppbygging kerfisins væri m.a. forsenda þess að hægt væri að tengja tiltekna Vindmyllugarða. Það er þannig ljóst að hagfelld verður að byggja upp vindmyllugarða nærri þeim stöðum sem þær línur sem hér eru til umfjöllunar fara um. Það skal því ítrekað að áður en lengra er haldi með hugmyndir um línuleiðir og vindmyllur verður sveitarfélagið (og covid) að gefa sér tíma til að samtals við héraðsbúa um línuleiðir og vindmyllugarða, því þetta tvennt fer saman	Endurnýjun byggðalínunnar byggir ekki á áformum einstakra aðila um byggingu vindorkugarða. Þó má benda á að uppbygging sem tengja þarf flutningskerfinu er hagkvæmari eftir því sem styttra er í tengistað við flutningskerfið og gæti það gagnast aðilum sem vilja tengjast flutningskerfinu, hvort sem það eru notendur eða framleiðendur orku. Landsneti ber lagaleg skylda að tengja alla vinnslu umfram 10 MW að stærð og raforkunotendur sem gera tengisamning við fyrirtækið. Ef kostnaður sem af tengingunni hlýst stenst ekki kröfur um arðsemi sem settar eru af eftirlitsaðila þurfa viðkomandi aðilar að greiða mismuninn með svokölluðu kerfisframlagi.
61	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Óskað er eftir því að Landsnet varpi ljósi á það hvernig tengingar vindmyllugarða eru fyrirhugaðar inn á þær tvær línur sem hér eru til umfjöllunar. Hvaða tækifæri til tenginga vindmyllugarða skapast, og hvaða takmarkanir	Ekki er til staðar svigrúm til að tengja nýja orkuframleiðslu við núverandi línu, en Holtavörðuheiðarlína 1, ásamt öðrum nýjum línunum mun skapa þessi tækifæri á svæði sem liggur frá Hvalfirði, um Vestur- og Norðurland og austur að Fljótsdalsstöð. Ekki liggja fyrir samningar við neina aðila um tengingu vindorku við meginflutningskerfið og tengingar ekki verið skilgreindar. Slíkar tengingar munu verða útfærðar þegar og ef til tengisamninga kemur, en Landsneti ber lagaleg skylda að tengja alla vinnslu umfram 10 MW að stærð. Málsmeðferð þeirra tenginga hvað varðar lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er aðskilin umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1.
62	Eiríkur Blöndal og Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir f.h. Landeigenda Langholts og ábúenda á Jaðri og Laugarholti	Að lokum má segja að það er fremur kaldhæðin staðreynd að þrátt fyrir að megnið af raforku sé flutt úr dreifbýli um dreifbýli bótalítið, þá þurfa dreifbýlisbúar að greiða hærra flutningsgjald fyrir raforku en þeir sem búa á stöðum sem eru skilgreind sem þéttbýli.	Landsnet er með eins gjaldskrár fyrir alla aðila óháð því hvar á landinu þeir búa. Eina gjaldskrá fyrir stórnotendur og aðra fyrir dreifiveitur, sem er eins óháð staðsetningu. Hér er sennilega verið að tala um gjaldskrá fyrir dreifingu, en dreifiveitur eru með ólíkar gjaldskrár.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
63	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir, f.h. landeigenda Langholts og Laugarholts	Við andmælum því sem fram kemur í skýrslunni um að það hafi verið samráð við landeigendur um valkost B2, þetta er fyrst og fremst hugmynd/einleikur Landsnets sem viðbragð við ábendingum landeigenda. Við köllum eftir því að haft sé samráð við landeigendur Langholts og Laugarholts um mögulega línuleið og aðferðir. Samanber kafla 3.6.3 í Valkostagreining Landsnets er varðar Holtavörðuheiðarlínu 1 kemur fram að: "Í sumum tilvikum geta aðstæður verið með þeim hætti að athugunarsvæði þarf að vera víðara svo meta megi betur staðbundin umhverfisáhrif línunnar. Því er lagt til að athugunarsvæði þarf að vera víðara svo meta megi staðbundin umhverfisáhrif línunnar. Því er lagt til að athugunarsvæði rannsóknna verði breiðara á þremur stöðuum, sjá Mynd 3.6. Ákvörðun um endanlega staðsetningu valkostar tekur þá mið af rannsóknarniðurstöðum, þar sem leitast er við að lágmarka umhverfisáhrif framkvæmdar." Samanber mynd 3.6 í skýrslu Landsnets re eitt af þessum athugunarsvæðum, Bæjarsveit. Við fögnum því og köllum eftir samvinnu um að finna ásættanlega lausn um staðsetningu Holtavörðuheiðarlínu 1, mögulegan flutning á núverandi byggðalínu, þ.e. samnýtingu mastra með Holtavörðuheiðarlínu 1 eða að núverandi byggðalína sé sett í jörð. Byggðalínan liggur á milli núverandi bæjarstæðis og helsta kennileitis jarðarinnar og hefur þar af leiðandi truflandi áhrif á upplifun og tengingu íbúa við Langholtin og sinn menningararf. Mikilvægt er að létta á þeim áhrifum sem núverandi byggðalína veldur á þessu svæði og flytja hana að jarðamörkum Langholts/Laugarholts og Stafholtseyjar ásamt uppbyggingu Holtavörðuheiðarlínu 1.	Landsnet hefur á síðustu misserum lagt aukna áherslu á samráð við hagsmunaaðila og við samfélagið í heild sinni. Stofnuð hafa verið svæðisbundin verkefnaráð, samráðvettvangur fyrir stærri framkvæmdir, s.s. eins og Holtavörðuheiðarlínu 1. Verkefnaráðum er ætlað að tryggja virkara samtal, aukin skilning og betra upplýsingaflæði milli hagsmunaaðila í aðdraganda ákvarðana um framkvæmdina. Fulltrúar í verkefnaráðum koma m.a. frá sveitarfélögum, samtökum atvinnulífs, atvinnuþróunarfélögum, umhverfissamtökum, fræðasamfélaginu og stofnunum eftir því sem við á hverju sinni. Fulltrúar landeigenda eiga ekki fulltrúa í ráðunum en haldnir eru fundir fyrir landeigendur í takt við fundi með verkefnaráði þar sem farið er í gegnum sömu kynningar og efni og á fundum með verkefnaráði. Undirbúningur að lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 hófst formlega árið 2020 á fundum með sveitarstjórnnum á fyrirhugaðri línuleið. Í framhaldinu var stofnað verkefnaráð Holtavörðuheiðarlínu 1 og haft samband við landeigendur á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Haldnir hafa verið þrír fundir með verkefnaráði og fjórir fundir með landeigendum á línuleiðinni Hvalfjörður – Holtavörðuheiði frá vori 2021. Fundir með landeigendum voru auglýstir opinberlega, m.a. með auglýsingum í fjölmiðlum, á heimsíðum sveitarfélaga á línuleiðinni og á fésbókarsíðu Landsnets. Á þeim fundum sem haldnir hafa verið með landeigendum hefur verið safnað netföngum á lista, hringt hefur verið í fjölmarga landeigendur til að veita upplýsingar og fá netföng á umræddan lista. Þeim sem á listanum eru hafa verið sendar upplýsingar um fundi og annað sem í gangi er varðandi verkefnið. Bæði hefur verið um að ræða hefðbundna kynningarfundi þ.e. framsaga og umræður þar sem sérfræðingar sem og stjórnendur á vegum Landsnets hafa mætt sem og vinnustofur þar sem landeigendur hafa m.a. unnið að greiningu valkosta á línuleiðinni og koma með ábendingar varðandi verkefnið í heild sinni. Í kjölfarið var opið samráð í gegnum vefsjá þar sem tekið var á móti athugasemdum við framkvæmdina og ábendingum varðandi línuleið. Umræddir fundir eru allir utan og auk lögbundinna ferla og eru liður í aukinni áherslu Landsnets á samráð við hagaðila og samfélagið í heild sinni, aukinni upplýsingagjöf og opinni og gagnsærri umræðu. Í desember 2021 var lögð fram valkostaskýrsla með tillögum um raunhæfa valkosti Holtavörðuheiðarlínu 1 en í skýrslunni er farið yfir þær hugmyndir og ábendingar sem komu fram í samráðsvinnu við landeigendur og hagsmunaaðila. Í matsáætlun Holtavörðuheiðarlínu 1 sem gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun kynni á næstu vikum, er m.a. greint frá hugmyndum sem fram hafa komið um valkosti framkvæmdarinnar og hvernig Landsnet hefur komist að niðurstöðu um valkosti sem fyrirtækið stefnir að því að leggja fram sem valkosti í vinnu umhverfismatsins. Á kynningartíma matsáætlunarinnar gefst almenningi sem og umsagnaraðilum tækifæri að koma með athugasemdir og umsagnir sem Landsnet bregst síðan við. Fundað verður áfram reglulega á meðan á verkefninu stendur með verkefnaráði Holtavörðulínu 1 og landeigendum og efnistöð á þeim fundum ráðast eftir því hvar verkefnið er statt hverju sinni og eftir óskum hagaðila. Þegar tekin hefur verið ákvörðun að loknu umhverfismati um hvaða valkostur verður lagður fram að hálfu Landsnets í umhverfismatsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir munu viðræður við landeigendur á viðkomandi línuleið hefjast. Við tökum hugmyndum að leiðum til að bæta og auka við samráð og fá sem flesta að borðinu fagnandi og munum skoða hvernig við getum gert enn betur í þeim efnum, erum m.a. opin fyrir vettvangsferðum og heimsóknnum til þeirra landeigenda sem þess óska. Hægt er að nálgast efni funda á heimasíðu Landsnets undir sérstöku svæði um verkefnið, Hvalfjörður – Holtavörðuheiði. Þar eru birtar samantektir funda, kynningar og annað ítarefni. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir og óskir varðandi aðgang að efni sem snúa að verkefninu s.s. eins og útprentun á skýrslum ofl á samráðsstjóra Elínu Sigríði Óladóttur, á elins@landsnet.is.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
64	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir, f.h. landeigenda Langholts og Laugarholts	Við gerð landslagsgreiningar kemur í ljós nokkur athugunarsvæði sem vert er að skoða með tilliti til núverandi byggðalínu og fyrirhugaðrar Holtavörðuheiðarlínu 1. Svæðin eru merkt frá A til F. A) Staurastæða núverandi byggðalínu stendur í ræktunarlandi og mikilvægt að hún sé færð út fyrir ræktað land. B) Staurastæða núverandi byggðalínu stendur í fyrirhuguðu ræktarlandi og mikilvægt að hún sé færð út fyrir það svæði. C) Núverandi byggðalína liggur yfir <i>Lambholt</i> , einkennasvæði II og <i>Laugarlæk</i> . Þetta er afar fjölbreytt og fallegt svæði þar sem lækur rennur úr einu landslagsrými yfir í annað. Mikilvægt að núverandi byggðalína verði fjarlægð og fundinn nýr staður ásamt Holtavörðulínu 1. D) Staurastæða núverandi byggðalínu stendur í ræktunarlandi og mikilvægt að hún sé færð út fyrir ræktað land. E) Núverandi byggðalína liggur yfir <i>Langholtstjörn</i> sem er mikilvægur þáttur í landslagsrýminu og gefur landslagsrýminu aukið gildi. Núverandi byggðalína rýrir gæði svæðisins til muna og mikilvægt að hún sé fjarlægð. F) Núverandi byggðalína liggur yfir mikilvægan hluta veiðisvæðis <i>Svarthöfða við Hvítá</i> . Núverandi byggðalína rýrir gæði svæðisins til muna og mikilvægt að hún sé fjarlægð. Á uppdrætti er valkostur landeigenda sýndir við norð/vestur mörk jarðanna á móti Stafholtsey. Með valkosti landeigenda er verið að lágmarka umhverfisskaða sem möguleg Holtavörðuheiðarlína 1 veldur innan jarðanna. Ef að valkostur landeigenda Langholts og Laugarholts er álitinn góður kostur að þá leggja landeigendur áherslu á að núverandi byggðalína muni samnýta möstur með Holtavörðuheiðarlínu 1 eða að núverandi byggðalína verði sett í jörð. Land er tiltölulega flatt og er í gömlum árfarvegi Hvítár, en áin rann þarna fram á miðja 16. öld. Grunnt er á möl og því góð undirstaða fyrir möstur raflína sem er jákvætt. Fyrirhuguð lína yrði í stóru einsleitu landslagsrými sem er jákvætt. Línan myndi þvera einkennasvæði I, en við þverunina er ekki vatnspegill eins og við Djúpapoll eða Hádegispoll sem er jákvætt. Línan myndi þvera einkennasvæi VIII en við enda	Athugasemdin leiðir til nýs valkostar: B3 Bæjarsveitarleið vestari. Línan liggur fjær byggð við Langholt en valkostur B2 gerir. Útfærsla á hugmyndinni tekur mið af öðrum jarðeignum í nágrenni Langholts og Laugarholts og liggur því litlu sunnar í landinu en tillaga frá landeiganda gerir ráð fyrir. Valkosturinn gerir ráð fyrir að Holtavörðuheiðarlína 1 þveri Hvítá norðar en núverandi lína gerir.
65	Jökull Helgason f.h. skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar.	Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd álitur að línuleið Holtavörðuheiðarlínu 1 verði best fyrir komið meðfram núverandi lagnaleið Vatnshamralínu. En verði Bjarnarholtsleið fyrir valinu þá verði strengur lagður í jörðu. Á 344. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var 25.1.2022 var tekið fyrir mál: Landsnet hefur áform um lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1, sem yrði 220 kV loftlína milli Klafastaða í Hvalfirði að nýju tengivirki á Holtavörðuheið, alls um 90 km langa leið. Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: <i>"Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar og álitur að línuleið Holtavörðuheiðarlínu 1 sé best fyrir komið samhliða núverandi Vatnshamralínu. Komi til þess að Bjarnarholtsleið verði fyrir valinu verði að leggja strengi í jörðu. Í tillögu að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 er fjallað um Holtavörðuheiðarlínu 1, m.a. í forsendum skipulagstillögunnar, sem er undirstaðan fyrir ákvarðanatöku um landnotkun og þróun byggðar í Hvalfjarðarsveit."</i> Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.	Í umhverfismati er mikilvægt að bera saman valkosti, því ljóst er að lega línu getur haft mismunandi áhrif á ýmsa þætti í umhverfi hennar auk þess að valkostir geta verið ólíkir m.t.t. öryggis og hagkvæmni. Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á mismunandi valkosti um línuleið og þeir bornir saman, m.a. A1 Bjarnarholtsleið og valkostur meðfram núverandi línuleið frá tengivirki Klafastaða um Brennimel. Í því felst m.a. að lagt verður mat á áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt, sem byggt verður á rannsóknum Rannsóknamiðstöðvar landbúnaðarins, en jafnframt horft til möguleika á að samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Niðurstaða úr þeim samanburði mun liggja fyrir þegar umhverfismatsskýrsla verður kynnt. Niðurstaða matsins verður ein forsenda fyrir ákvörðun um aðalvalkost Landsnets sem kynntur verður í umhverfismatsskýrslu, þegar búið verður að vinna rannsóknir og meta alla valkosti.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
66	Þórður Guðnason	Fyrir hönd Íslandsgáma eigenda Steinholt í Hvalfjarðarsveit höfnum við algörlega endurlagningu línu þar í gegn og vonuðust um eftir að lína sem fyrir er færi eða færi í jörð. Í raun mjög sérstakt að vera að fara áfarm í gegnum allar þessar jarðir. Læt fylgja tillögu mína af lagningarleið norður fyrir ykkur sem færi að mestu um hálendið	Lögð er fram hugmynd að ný háspennulína fylgi Uxahryggjarleið. Leiðin er mun lengri miðað við núverandi línuleið. Almennt eykur lengri línuleið kostnað og umhverfisáhrif framkvæmda verða víðtækari. Veðurfarslega er svæðið erfitt og óheppilegt fyrir rekstur háspennulínu. Tillagan að línuleið fellur illa að stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins og að leitast sé við að halda línugötum í lágmarki, forðast röskun á friðlýstum og ósnortnum svæðum og að ekki séu lagðar nýjar línur um hálendið. Þegar greindir eru raunhæfir valkostir sem verða teknir til mats á umhverfisáhrifum þarf að vega og meta ýmis atriði. Farið er ítarlega yfir þessa þætti í kaflanum „Forsendur valkostagreiningar“ í valkostaskýrslu. Í megindráttum byggir Landsnet ákvörðun sína um að leggja ekki fram til mats valkosti sem færu á löngum kafla innan hálendis á þeim forsendum sem til umfjöllunar eru í kaflanum. Holtavörðuheiðarlína 1 verður hluti af hringtengdu meginflutningskerfi landsins. Tryggja þarf sveigjanleika í þróun kerfisins, meðal annars með tilliti til afhendingar raforku til dreifiveitna (t.d. Rarik). Því er mikilvægt að meginflutningskerfi liggi um eða nærri tengipunktum við dreifikerfi raforku, sem sjá um að miðla orkunni áfram til notenda í byggð. Sé Holtavörðuheiðarlínu 1 færð fjær byggð er fyrirséð að leggja þyrfti raflínu frá henni og að tengipunkti dreifiveitna, eins og hugmynd að valkosti gerir ráð fyrir. Ólíklegt er að hægt verði að leggja slíkar línur í jörðu. Því er óvíst að sjónrænn ávinningur í byggð yrði umtalsverður af
67	Ingibjörg Bergþórsdóttir	Önnur ábendingin er (sjá viðhengi tillaga að valkosti - Þverárhlíð) að breyta stefnu línunnar frá Síðumúlaveggjum þannig að hún fari inn með eyrunum í landi Sleggjulækjar og Ásbjarnastaðar. Stefni síðan yfir Stóru Þverá ca fyrir endanum á Helgavatnsskógi, þaðan yfir til Sigmundarstaða og yfir Grjóthálsinn og sameinist línunni í landi Hafþórsstaða. Línan ætti ekki að vera eins áberandi þarna niður á láglendinu/eyrunum. Norðtunguskógur væri frír. Stórt svæði í Helgavatnsskógi hefur nú þegar verið rutt þannig að aðgengið að möstrum ætti að vera betra. Einnig gæti þetta verið hagkvæm lausn, til lengri tíma litið, að línan liggi yfir land þeirra landeigenda sem óskað hafa eftir að reisa vindmyllur á landi sínu, þ.e. land Sigmundarstaða í Þverárhlíð og Hafþórsstaða í Norðurárdal. Línurnar yrðu þá í sem mestri nálægð við hugsanlegar vindmyllur. Sparar vegalagnir og bætir aðgengi. Einnig yrðu þessir landeigendur örugglega sáttari en aðrir landeigendur með að hafa línurnar á sínu landsvæði. [...] Hin ábendingin er að í landi Karlsbrekku, er fyrirhugað að reisa þrjá sumarbústaði. Sjá viðhengi „sumarb“. og „Kort 3 Karlsbrekka“. Þar kemur fram staðsetning þeirra (merkt með gulri klessu/stjörnum). Þessi staðsetning var valin því vonir voru uppi um að núverandi lina yrði fjarlægð og nýja linan yrði færð mikið austar, því áhrifin frá núverandi línu eru dálítið íþyngjandi hvað varðar sjónræn áhrif og einnig eru önnur all hressileg áhrif frá henni sem lýsa sér í að einhvers konar rafleiðni virðist koma frá henni sem maður finnur verulega fyrir í nálægð línunnar.	Athugasemdin leiðir til nýs valkostar: C3 Þverárhlíðarleið um Helgavatnsskóg. Núverandi línuleið liggur nálægt bæjarstæðum í Þverárhlíð og aðstæður krefjandi við að koma fyrir nýrri línu. Á svæðinu er skógur sem hefur áhrif á svigrúm til þess á ákvarða nákvæma línuleið fyrir valkostinn á þessu stigi og því felur valkosturinn í sér belti þar sem möguleg línuleið kæmi til greina.
68	Georg Magnússon, Norðtungu 3	Nokkrar spurningar um væntanlega nýja Holtavörðuheiðarlínu. a) Verður gamla línan, Hrútatungulína, um Þverárhlíð og Norðurárdal tekin niður þegar ný lína hefur verið sett upp ?	Hrútatungulína 1, var sett í rekstur árið 1976 og verður því 46 ára á þessu ári. Samkvæmt reglubundnu mati á ástandi mannvirkja Landsnets er ástand hennar er frekar gott. Háspennulínur hafa 50 ára afskriftartíma en ekki er óalgengt að þær geti staðið og þjónað tilgangi sínum vel umfram þann tíma. Ekki liggur fyrir hvort hún verði tekin niður eða endurnýjuð að loknum líftíma sínum en samfara umhverfismatinu er áætlað að ráðast í kerfisgreiningar sem munu m.a. skera úr um framtíð línunnar.
69	Georg Magnússon, Norðtungu 3	b) Fari svo að settar verið upp vindmyllur á Grjóthálsi og Múla í Norðurárdal, til raforkuframleiðslu, leggur Landsnet í kostnað við uppsetningu á tengivirkjum þannig að hugsanlegar vindmyllur á áður nefndum stöðum geti tengst landsnetinu ?	Landsnet hefur lagalega skyldu til að tengja nýja orkuvinnslu við flutningskerfið stærri en 10 MW að uppfylltum kröfum um arðsemi.
70	Georg Magnússon, Norðtungu 3	c) Hvað kostar tengivirki inn á nýju línuna til að væntanlegar vindmyllur geti tengst inn á landsnetið ?	Meta þarf hvort byggja þarf nýtt tengivirki fyrir umræddar vindmyllur eða hvort þær yrðu tengdar inn í fyrirbyggjandi tengivirki. 220 kV tengivirki með þremur útgöngum myndi kosta í kringum 1 milljarð skv. verðbanka þar sem gert hefur verið ráð fyrir einföldustu mögulegu forsendum. Flækjustig vindmyllutengingar gæti hæglega breytt þessu.
71	Georg Magnússon, Norðtungu 3	d) Hvað kostar tengi virki inn á gömlu línuna svo að hægt verði að tengja hugsanlegar vindmyllur inn á landsnetið ?	Meta þarf hvort byggja þarf nýtt tengivirki fyrir umræddar vindmyllur eða hvort þær yrðu tengdar inn í fyrirbyggjandi tengivirki. 132 kV tengivirki með þremur útgöngum myndi kosta í kringum 600 mkr. skv. verðbanka þar sem gert hefur verið ráð fyrir einföldustu mögulegu forsendum. Flækjustig vindmyllutengingar gæti haft áhrif.

Nr.	Nafn sendanda	Efni athugasemdar	Viðbrögð Landsnets
72	Georg Magnússon, Norðtunga 3	e) Er hugsanlegt að gamla línan verði yfirfarin og endurnýjuð til þess að hægt verði að tengja hugsanlegar vindmyllur inn á hana ?	Fyrirhugað er að ráðast í frekari greiningu á möguleikum til lagningu jarðstrengja á nærliggjandi kerfum Landsnets á leið Holtavörðuheiðarlínu 1, sem rekin eru með lægri spennu en nýja línan. Samhliða því verður ástand línanna greint. Umhverfismat mun jafnframt gefa niðurstöðu um viðkvæmustu svæðin m.t.t. sjónrænna samlegðaráhrifa Holtavörðuheiðarlínu 1 og núverandi raflínu. Þær niðurstöður ásamt upplýsingum um tæknilega möguleika á jarðstrengslögnum og ástand núverandi mannvirkja mun skapa forsendur til að greina hvort og þá hvar mögulegt verður að leggja nærliggjandi línur í jörðu eða samnýta megi háspennumöstur fyrir fleiri en eina línu. Fyrirséð er að þar sem mögulegt er að gera slíka breytingu verður það að gerast í áföngum. Landsnet væntir þess að í umhverfismatsskýrslu verði hægt að leggja fram tímasetta áfangaskiptingu.